

Ed.

338. Nefndarálit

um frv. til l. um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd neðri deildar eftir beiðni atvinnu-
málaráðherra.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frv. og fallizt á nauðsyn þess, eins og
nú er komið, að gerðar séu ráðstafanir, slíkar sem í frv. felast, til þess að sildarút-
vegsmenn, sem nú eru í fjárþröng vegna óhappa sildarútvegsins sl. sumar, geti haldið
áfram rekstri skipa sinna.

Nefndin telur æskilegt, að lánin verði veitt til sem skemmst tíma og vill ekki
binda það við fimm ár nema sem hámark. Sömuleiðis vill nefndin gera nokkru fyllri
ákvæðin um það, að innheimta megi lánin örara en annars, ef seldar eru eignir, sem
veðsettar hafa verið fyrir lánunum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Við greinina bætist: Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborg-
ana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 3%.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 7. gr. (sem verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygg-
ing fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

Alþingi, 12. des. 1945.

Gísli Jónsson,
form.

Guðm. Í. Guðmundsson,
fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson
frsm.

Ingvar Pálmason.

Eiríkur Einarsson.

að skila bátunum aftur til útlanda, af því að íslenzkir sjómenn og skipstjórnarmenn gætu ekki með þá farið.

Ríkisstjórnin hefur sýnilega keypt þessa báta í því skyni að vera vel búin undir að hafa landhelgisgæzluna í sem beztu lagi, þegar þrjú hundruð veiðiskip erlendra þjóða safnast eftir áramótin að ströndum landsins og gera sig líkleg til landhelgisveiða. En ef ekki verður hægt að nota þessa báta í vetur, er þjóðin mjög illa búin undir að bæta úr þessari þörf. Ægir er nú í flokkun erlendis eftir margra ára sigling án þess að geta komið í þurrkvi til eftirlits. Sæbjörg á að fara í algerða endurbyggingu, og mun sú aðgerð kosta jafnmikið og tveir af hinum nýkeyptu ensku bátum. Þá er ekki eftir til gæzlu og björgunar nema varðbáturinn Óðinn. Ægir mun, þegar skipið kemur úr eftirliti, aðallega verða við Vestmannaeyjar. Verður þá aðeins um Óðin að gera til að geta landhelginnar að öðru leyti. Takist hins vegar að bæta þrem varðbátum við og þeim miklu hraðskreiðari heldur en nokkur veiðiskip, má telja víst, að hægt verði að halda landhelginni vel varinni, svo að það verði varla betur gert. Hefur það ljóslega komið fram, að umboðsmenn erlendra skipafélaga hér á landi fullyrða, að ef hin nýkeyptu skip verði notuð hér við land til gæzlu, þá mundi erlendum skipaeigendum ekki þykja borga sig að reyna að láta veiða í íslenzkri landhelgi.

Nú er hins vegar mjög haft á orði að nota hina nýkeyptu báta ekki til gæzlu á næstu vertíð og því borið við, að Íslendingar kunni ekki að fara með skipin. Hins vegar er fullvíst, að Bretar notuðu skipin um þriggja ára skeið á grunnsævi við England, þar sem sjór er til muna krappari en á hafinu við Ísland. Sýnist þess vegna ekki nema ein leið opin í þessu máli, og það er, að Alþingi feli ríkisstjórninni að fá enska sjómenn til að fara með skipin við gæzlu í vetur. Æskilegt má telja, að einn Íslendingur væri á hverju skipi og fleiri, ef þess þætti kostur, til að venjast þessum vanda.

Það er í sjálfu sér engin nýjung fyrir Íslendinga að nema ýmiss konar tækni af stærri þjóðum. Má nefna það til dæmis, að hingað voru fengnir reyndir kunnáttumenn bæði við vegagerð og símalagningu hér á landi. Forberg var fenginn hingað til að stýra landssímakerfinu, meðan honum entist aldur, en þá tóku Íslendingar við og kunnu þá vel til verka. Sama varð sagan um Eimskipafélagið. Þar var fenginn danskur skipstjóri til yfirstjórnar, þar til Íslendingar höfðu fullnumið útgerðarstörfin. Auk þess hafa Íslendingar numið síldveiði af Norðmönnum, mjólkurmeðferð af Dönnum og togaraveiðar af Bretum. Sú tillaga, sem hér er borin fram, er þess vegna í samræmi við reynslu þjóðarinnar við margs konar verklegt nám.

Nú munu sumir menn segja, að ekki sé rétt að sækjast eftir erlendum sjómönnum á skipin, því að það sé ábyrgðarhluti, þar sem um sérstaka lífshættu kunni að vera að ræða fyrir brezka sjómenn. Að vísu er alltaf um lífshættu að ræða bæði á sjó og landi, og er varla við að búast, að nokkur skip geti verið að öllu leyti laus við hættu á siglingum. En telja má fullvíst, að erlendir sjómenn mundu ekki setja fyrir sig þá hættu. Þeir vita, að þessi skip eru gerð eftir teiknendur flotastjórnarinnar, og þar er byggt á margra alda reynslu. Mun mega fullyrða, að enska flotastjórnin hefur í skipabyggingamálum meiri reynslu og kunnáttu en nokkur önnur hliðstæð stofnun í víðri veröld. Flotastjórnin enska hefur auk þess af kunnnum ástæðum vandað alveg óvenjulega efni og smíði þessara báta. Er grind skipanna úr stáli, en byrðingur úr bezta og dýrasta víði, sem til er. Hvergi er járnagl í skipunum, heldur er kopar í járnstað, m. a. í stýrinu og nauðsynlegum málmlutum á þiljum uppi. Gerð skipanna er miðuð við lögum björgunarbáta, sem notaðir eru í brimi við Englandsströnd. „Þorsteinn“, eini björgunarbátur Íslendinga, er byggður í Englandi og með sama lagi og hin nýju varðskip. Brezkir sjómenn munu þess vegna treysta sér að sigla þessum skipum hér við land og það því fremur, sem þeir hafa notað þau árum saman við erfiðari skilyrði en venjulegust eru hér við land. Að því er snertir ósjó og veðurlag mun það ekki hræða Breta frá að nota þessi skip, því að fundurspillar Breta, sem komu mikið hingað

til lands á stríðsárunum, eru tiltölulega mjórri en hraðbátarnir og ganga hraðar. Mun þess vegna ekki þurfa að kvíða því, að ekki yrði hægt að fá enskar skipshafnir á bátana. Munu Íslendingar fljótt læra að fara með skipin, og yrði þá hægt að ná því takmarki að halda hinum mikla erlenda veiðiskipaflota frá landhelginni, ekki aðeins á næstu vertíð, heldur jafnan framvegis.

Miklar orðræður eru nú um, hvort hægt sé að sameina gæzlu landhelginnar og fullkomna björgunarstarfsemi. Árið 1923 komum við Sveinn Ólafsson fram með tillögu um, að byggt yrði skip til að annast í einu strandgæzlu og björgun. Var því máli þá tekið þunglega af þeim, sem mest þóttust hera hag útvegsins fyrir brjósti, og þegar gufuskipið Óðinn var byggt, var gerð þess eingöngu miðuð við gæzlu. Þegar ég hafði síðar nokkur afskipti af byggingu Ægis, var allt gert, sem unnt var, til þess að skipið gæti sem bezt sameinað bæði gæzlu og björgun. Hefur þetta lánast vel og Ægir bjargað fjölda skipa og báta úr hættu og ríkið fengið miklar tekjur fyrir. Þegar vélbáturinn Óðinn var smíðaður, en gufuskipið með sama nafni selt úr landi, var byggt á þeirri ákvörðun Alþingis að sameina gæzlu og björgun og hafa til beggja starfanna eitt stórt skip og nokkra báta. Þó hefur alltaf gætt hinnar stefnunnar, að hafa sérstök björgunarskip, og var Sæbjörg byggð í því skyni. Var málið allvel undirbúið og miklu fé safnað víða um land í þessu skyni. Teikningin var gerð hér á landi af hinum færustu skipstjórnarmönnum, en báturinn þó smíðaður utanlands. Var tilætlunin sú, að Sæbjörg skyldi aðallega nota segl, en hafa auk þess orkulitla vél. Varð enn minna gagn að vélinni, því að vegna seglanna var 5 smálesta blýkjölur undir skipinu. Frá upphafi urðu mikil missmiði um björgunarstarf Sæbjargar. Ef vélbátur var í hættu í ofviðri úti á Faxaflóa, gat Sæbjörg alls ekki siglt á staðinn og ekki heldur notað vélina með heppilegum árangri. Auk þess gat björgunarfélagið, sem varla var von, ekki staðið til lengdar undir kostnaði við útgerðina. Kom brátt að því, að landhelgissjóður tók við Sæbjörgu og reyndi að nota hana bæði til björgunar og gæzlu. Voru gerðar á bátnum stórar umbætur, en þó verður nú að bæta við nýrri aðgerð, sem tekur mjög langan tíma og kostar mikið fé.

Ef lítið er hlutlaust á þetta mál, er bersýnilegt af reynslunni með Sæbjörgu, að Íslendingar verði um skipagerð enn um stund að styðjast meira en þeir hafa gert við reynslu siglingaþjóða og þá ekki sizt Breta. Um hina nýkeyptu báta er fullvist, að þeir eru byggðir af hinum færustu mönnum og úr hinu valdasta efni. Þeir hafa verið notaðir með góðum árangri við hin erfiðustu skilyrði. Þeir geta farið hraðar en önnur skip hér við land, en þeir geta líka farið hægt, notað aðeins eina af þrem skrufum og farið með 4—5 mílna hraða, þegar því er að skipta. Þeir eru byggðir eins og björgunarskip og geta komizt leiðar sinnar í stórsjó og óveðri. Þegar einn hraðbáturinn var nýlega á ferð við Vesturland, varð hið nýviðgerða gæzluskip Siglunes (áður Falkur) á vegi hans í slæmu veðri. Siglunes hörfaði undan inn á firði, en varðbáturinn hélt leiðar sinnar.

Engin gagnrýni hefur komið fram gegn notkun þessara skipa nema það, að ekki fari vel um skipshöfnina, af því að skipin væru miðuð við hraða ferð í vondum sjó. Mér mundi aldrei hafa komið til hugar, að íslenzkir skipstjórnarmenn vildu halda því fram, að sjómenn hér á landi gætu ekki þolað áreynslu á sjó til jafns við aðrir þjóðir, jafnvel á borð við Breta. En ef þessir leiðtogar íslenzkra sjómanna hafa á réttu að standa í þessu efni, þá má bjarga málinu með því að fá um stundarsakir menn, sem kunna að fara með þessi hraðskreiðu skip, og nema af þeim nauðsynlega verkkunnáttu. Með þessu má tryggja góða vörzlu landhelginnar í vetur.

Vestfirðingar hafa lengi verið sagnarpar, svo að orð hefur farið af. Þegar Sigurður Stefánsson í Vigur stofnaði landhelgissjóðinn, gekk honum til heiðarlegur þjóðarmetnaður. Þegar þm. Ísfirðinga kaupir nú í einu lagi þrjú vönduð og hraðskreið skip, hvert fyrir um 20% af því, sem mundi nú kosta að gera jafnstóran varðbát á tveggja ára tíma, sýnist hann feta í fótspor séra Sigurðar í Vigur og allra þeirra Íslendinga, sem vilja verja landhelgina fyrir áleitni framandi manna. Ef

stofnandi landhelgisjóðsins væri enn á lífi, mundi ekkert vera fjær skapi hans en að skilja landhelgina eftir óvarða gegn ágengni ránsmanna eða segja eða gera nokkuð það, sem benti á, að hann héldi, að íslenzkir sjómenn hefðu minna þrek og manndóm en stéttarbræður þeirra með öðrum þjóðum. Hugsjón Sigurðar Stefássonar um örugga landhelgisgæzlu getur komið í framkvæmd, ef þjóðin ber gæfu til að hafa Ægi, Óðin og hina nýkeyptu báta starfandi við það þjóðnýta starf, sem þeim er ætlað, og hefjast handa í byrjun næstu vertíðar.

Rétt er að geta þess, varðandi ugg einstakra áhugamanna um óhjákvæmilegt heilsutjón við starf á hraðbátum, að heilsufar Breta á þessum bátum var gott. Álíka móttprói kom fram varðandi Þór og Esju, þegar þau skip komu hingað til lands. Gengu sannorðir menn um hæinn og fullyrtu, að þessi skip væru svo illa gerð, að þau mundu sökkva á leiðinni til Íslands. Á sama hátt gengu sögur um höfuðstaðinn, meðan bátarnir voru á leið hingað, að byrðingur þeirra væri úr algerlega ónýtu efni. Ekki þarf að kvíða þessu, því að stofnun sú í Englandi, sem tryggir mikinn hluta íslenska skipastólsins, tekur ekki nema hálf tryggingargjald fyrir þessa báta, samanborið við það, sem greiða þarf fyrir mörg af beztu skipum Íslendinga. Er þar eingöngu miðað við gæði og styrkleika skipanna. Þegar vitað var um, hve bátarnir eru sterkir og úr góðu efni, var haldið fram þeirri skoðun, að þeir mundu sigla sig í kaf sökum mikils ganghraða. En þegar í ljós kom, að þeir fóru léttilega yfir úfinn sæ, þóttust hinir óánægðu kunnáttumenn fullvissir um, að íslenzkir sjómenn mundu verða sjóveikir við að vinna á þessum bátum.

Hér er bent á einfalt og heppilegt úrræði. Fylgjum fordæmi hygginna forfeðra, sem fengu norska verkamenn til að leggja fyrstu akvegina og fyrsta símann á Íslandi. Með því móti getur þjóðin launað stórhug Sigurðar Stefássonar í Vigur og hinna vösku vestfirzku sjómanna, sem vilja með engu móti hafa hina tilvonandi 300 erlendu togara við landhelgisveiðar á Íslandi, þegar mestu þorskgöngur koma að ströndinni eftir næstu áramót.

Ed.

340. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarm. (GÍG) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 12. des. 1945.

Gísli Jónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
frsm.

Steingr. Aðalsteinsson.

Eiríkur Einarsson.

Ed.

341. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd. Náðist þar samkomulag um einstök atriði, þótt nokkur ágreiningur væri um frv. í heild. Í lögum um ættaróðal og erfðaábúð er þeim ábúendum þjóð- og kirkjujarða, sem hafa erfðaábúð á ábýlisjörðum sínum, veittur réttur til að fá þær keyptar með sérstökum skilyrðum.

Frv. gerir ráð fyrir, að þeim ábúendum þjóð- og kirkjujarða, sem ekki búa við erfðaábúð, verði einnig veittur sams konar réttur. Er í frv. þessu gert að skil-yrði, að kaupandi hafi búið á jörðinni eigi skemur en þrjú ár, í stað fimm ára, eins og nú er ákveðið í lögum. Nefndin klotnaði um málið.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþ.

Alþingi, 13. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson,
form.

Páll Hermannsson,
frsm.

Eiríkur Einarsson.

Nd. 342. Frumvarp til laga

um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til hafnargerða og lendingarbóta í þeim hlutföllum, sem segir í lögum þessum. Ef slík lán eru tekin erlendis, skal það gert í samráði við ráðuneytið, og er óheimilt að leita eftir slíku láni, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og innsiglingarmerki.

2. gr.

A. Ríkissjóður greiðir $\frac{2}{5}$ af kostnaði við hafnargerð effirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á $\frac{3}{5}$ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

- | | |
|----------------------------------|------------------------------|
| 1. Akranes. | 20. Ingólfsvörður. |
| 2. Akureyri. | 21. Ísafjörður. |
| 3. Bíldudalur. | 22. Keflavík. |
| 4. Bolungavík. | 23. Neskaupstaður. |
| 5. Borgarnes. | 24. Ólafsvörður. |
| 6. Búðareyri í Reyðarfirði. | 25. Ólafsvík. |
| 7. Búðir í Fáskrúðsfirði. | 26. Patreksfjörður. |
| 8. Dalvík. | 27. Raufarhöfn. |
| 9. Djúpavík í Reykjarfirði. | 28. Reykjavík. |
| 10. Elliðaárvogur við Reykjavík. | 29. Sauðárkrókur. |
| 11. Eskifjörður. | 30. Seyðisfjörður. |
| 12. Flateyri í Önundarfirði. | 31. Siglufjörður. |
| 13. Grafarnes í Grundarfirði. | 32. Skagaströnd. |
| 14. Hafnarfjörður. | 33. Stykkishólmur. |
| 15. Hofsó. | 34. Suðureyri, Súgandafirði. |
| 16. Hrisey. | 35. Vestmannaeyjar. |
| 17. Hólmavík. | 36. Þingeyri, Dýrafirði. |
| 18. Húsavík. | 37. Þórshöfn. |
| 19. Höfn í Hornafirði. | |

B. Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hinum helmingnum af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. gr.:

- | | |
|------------------------------|--------------------------------------|
| 1. Arnarstapi. | 26. Járngerðarstaðir. |
| 2. Árskógssandur. | 27. Kaldrananes í Bjarnarfirði. |
| 3. Bakki í Arnarfirði. | 28. Kópasker. |
| 4. Þönduós. | 29. Króksfjarðarnes. |
| 5. Borgarfjörður eystra. | 30. Látrar í Aðalvík. |
| 6. Breiðdalsvík. | 31. Látravík í Rauðasandshreppi. |
| 7. Búðardalur. | 32. Norðurfjörður. |
| 8. Djúpivogur. | 33. Salthólmavík. |
| 9. Drangnes. | 34. Sandgerði. |
| 10. Eyrrabakki. | 35. Selárdalur. |
| 11. Flatey á Breiðafirði. | 36. Selvogur. |
| 12. Flatey á Skjálfanda. | 37. Skálar á Langanesi. |
| 13. Fjörður í Múlahreppi. | 38. Skarðsstöð. |
| 14. Gerðar í Garði. | 39. Skipavík. |
| 15. Gjögur í Reykjafirði. | 40. Stokkseyri. |
| 16. Grimsey. | 41. Stöðvarfjörður. |
| 17. Grunnavík. | 42. Súðavík í Álftafirði. |
| 18. Hafnir. | 43. Sæból í Aðalvík. |
| 19. Hauganes. | 44. Tálknafjörður innan Sveinseyrar. |
| 20. Hellissandur. | 45. Vattarnes eystra. |
| 21. Hellnar á Snæfellsnesi. | 46. Vogar. |
| 22. Hnífsdalur. | 47. Vopnafjörður. |
| 23. Hvalsker í Patreksfirði. | 48. Þorkötlustaðir í Grindavík. |
| 24. Hvammstangi. | 49. Þorlákshöfn. |
| 25. Höfn í Bakkafirði. | 50. Örlygshöfn í Patreksfirði. |

Fari heildarkostnaðaráætlun lendingarbóta, sem hér eftir verða gerðar á einhverjum stað, yfir 800 þúsund krónur, skal staðurinn teljast, að svo miklu leyti sem þar er umfram, til hafnar undir A-lið þessarar greinar og fá eftir það styrk og ábyrgð samkvæmt því.

3. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs er, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina eða lendingarbæturnar, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin eða lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum mál aðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnar- eða lendingarbótasjóði, þeim er hlut á að máli. Nú vill annar hvor mál aðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef mats-

upphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10 af hundraði af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hlutaðeigandi hafnar- eða lendingarbótasjóði.

5. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar eða þess svæðis, sem lendingarbæturnar ná til, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka nema samkvæmt tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar og með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnar- eða lendingarbótanefnd, er sendir hana áfram til hlutaðeigandi sveitarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema í burtu án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnar- eða lendingarbótamála látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið.

7. gr.

Eignum hafnar- eða lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

8. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

9. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina eða lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, er þau leggja á land. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Herskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin þessum gjöldum.

Enn fremur er heimilt að ákveða í reglugerðinni, að árlegt afgangur skuli greiða af bryggjum eða mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr., ef þau standa á lóðum hafnar- eða lendingarbótasjóðs eða njóta hlunninda af hafnargerðinni, svo sem vegna byggingar hafnargarða, dýpkana eða annarra hafnarmannvirkja.

Af hafnarmannvirkjum einstaklinga eða félaga má engin önnur gjöld taka í hafnar- eða lendingarbótasjóð, án samþykkis hlutaðeigenda, en náist ekki samkomulag, er aðila skylt að láta mannvirkin af hendi samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

Heimilt er að innheimta gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs, þegar byrjað er á framkvæmdum hafnarmannvirkja.

Öll þessi gjöld má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt fyrir öðrum kröfum.

10. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs og lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

11. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnar- eða lendingarbótanefnd að hafa samið og lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

12. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, og skal þá hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs.

13. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnar- og lendingarbótasjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnar- og lendingarbótasjóðs á sérstök eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera fyrir hafnar- og lendingarbótasjóði.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikning hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði, sem gilda fyrir hverja höfn eða lendingarbótasvæði fyrir sig. Skal í henni kveða á um stjórn hafnar- eða lendingarbótasjóðs, umferð og góða reglu, ákveða gjöld samkvæmt 9. gr. laga þessara, ákveða takmörk hafnarinnar eða þess svæðis, er lendingarbætturnar ná til, og annað, er þurfa þykir.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni allt að 10000 krónum, og renna þær sektir í þann hafnar- eða lendingarbótasjóð, er hlut á að máli.

16. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Hafnarlög fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915, ásamt lögum nr. 75 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 30 14. júní 1929, ásamt lögum nr. 12 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 34 19. júní 1922, ásamt lögum nr. 12 24. marz 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt lögum nr. 49 23. júní 1932, lögum nr. 36 19. júní 1933, og lögum nr. 11 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 10 24. marz 1944.

Hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóv. 1913, ásamt lögum nr. 63 3. nóv. 1915, lögum nr. 29 31. maí 1927, lögum nr. 39 7. maí 1928, lögum nr. 34 14. júní 1929, lögum nr. 58 19. maí 1930 og lögum nr. 36 23. júní 1932, um breytingar og viðauka við þau lög.

Hafnarlög fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942, ásamt lögum nr. 2 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Bolungavík, nr. 11 24. marz 1944.

Lög nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík, og lög nr. 79 7. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Grundarfjörð, nr. 88 15. sept. 1942.

Lög nr. 24 13. jan. 1938, um hafnargerð á Hofsósi.

Hafnarlög fyrir Hrisey, nr. 10 24. jan. 1945.

Lög nr. 38 19. júní 1933, um hafnargerð á Húsavík, ásamt lögum nr. 45 14. apríl 1943, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Keflavík, nr. 23 25. des. 1943, ásamt lögum nr. 14 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942, ásamt lögum nr. 71 30. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Ólafsfjörð, nr. 68 28. des. 1944.

Lög nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík, ásamt lögum nr. 55 28. jan. 1935 og lögum nr. 12 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Hafnarlög fyrir Patreksfjörð, nr. 67 4. júlí 1942.

Lög nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Rauфарhöfn, ásamt lögum nr. 97 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki, ásamt lögum nr. 11 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd, ásamt lögum nr. 49 28. jan. 1935 og lögum nr. 77 20. des. 1944, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi.

Lög nr. 23 13. jan. 1938, um hafnargerð á Suðureyri.

Lög nr. 30 13. júní 1937, um hafnargerð á Þórshöfn.

Lög nr. 24 26. febr. 1943, um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði.

Lög nr. 24 15. júní 1926, um bryggjugerð í Borgarnesi.

Lög nr. 13 24. marz 1944, um lendingarbætur í Breiðdalsvík.

Lög nr. 69 28. des. 1944, um lendingarbætur á Djúpavogi.

Lög nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, ásamt lögum nr. 31 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 42 23. febr. 1945, um lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Lög nr. 37 15. febr. 1945, um lendingarbætur í Grunnavík.

Lög nr. 14 24. marz 1944, um lendingarbætur í Höfnum í Gullbringusýslu.

Lög nr. 89 16. des. 1943, um lendingarbætur í Hnífsdal.

Lög nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð í Hornafirði, ásamt lögum nr. 22 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 50 10. okt. 1944, um lendingarbætur á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Lög nr. 113 20. des. 1943, um lendingarbætur í Grindavík, ásamt lögum nr. 13 24. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 55 12. okt. 1944, um lendingarbætur á Látrum í Aðalvík.

Lög nr. 70 28. des. 1944, um lendingarbætur í Selárdal í Ketildalahreppi.

Lög nr. 90 25. sept. 1942, um lendingarbætur á Skálum.

Lög nr. 65 4. júlí 1942, um lendingarbætur í Skipavík.

Lög nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri.
Lög nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði.
Lög nr. 53 12. okt. 1944, um lendingarbætur við Sæból í Aðalvík.
Lög nr. 44 14. apríl 1943, um lendingarbætur á Vattarnesi við Reyðarfjörð.
Lög nr. 97 16. des. 1943, um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.
Lög nr. 53 14. júní 1929, um lendingarbætur í Þorlákshöfn.
Lög nr. 26 12. febr. 1945, um lendingarbætur í Þorkötlustaðahverfi í Grindavík.
Lög nr. 51 10. okt. 1944, um lendingarbætur í Örlygshöfn við Patreksfjörð.

Nd. 343. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sp. 344. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Flateyrarhrepps.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 300 þús. kr. innlent lán fyrir Flateyrarhrepp til að endurnýja rafveitukerfi kaupsinsins, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði. Ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu verði falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Greinargerð.

Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert áætlun um endurnýjun rafveitunnar í Flateyrarkauptúni, og er gert ráð fyrir, að aflstöðin kosti 208 þús. kr., en rafleiðslukerfið 173 þús. kr., ef leiðslur eru lagðar á stólpum, en 285 þús. kr., ef lagt er í

jarðstreng. Hreppsnefnd gerir ráð fyrir að geta lagt fram til verksins um það bil kostnaðinn af aflstöðinni. Ætlað er til, að hægt verði að tengja rafleiðslukerfið samvirkjun fyrir Vestfirði, þegar til kemur. Áætlun Rafmagnseftirlitsins verður send fjárveitinganefnd.

Ed. 345. Frumvarp til laga

um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 4 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð til aðstoðar sildarútvegsmönnum árið 1945.

2. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu sildveiðar með herpinót sumarið 1945, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir (þau) vegna aflabrests á sildarvertíðinni eiga erfitt með áframhaldandi rekstur.

3. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd, sem tekur á móti umsóknum um lán þessi. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar. Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattframtali umsækjanda 1945;
2. efnahagsreikningur umsækjanda 30. sept. 1945;
3. rekstrarreikningur sildarútgerðar umsækjanda 1945;
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar. Með allar upplýsingar varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

4. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Telji nefndin, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutfjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 3%.

5. gr.

Ekkert lán má afgreiða, fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess. Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og sér um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

6. gr.

Selji lántakandi skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið sem trygging fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

7. gr.

Þeir, sem fá lán samkv. lögum þessum, eru skyldir til að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfá þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nð.

346. Nefndarálit

um frv. til I. um tekjuskattsviðauka árið 1946.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp, er lagt til, að sett verði lög um að innheimta tekjuskattsviðauka á næsta ári, svo sem gert var á þessu ári. Skattur þessi er til viðbótar tekjuskatti og stríðsgróðaskatti samkvæmt eldri lögum. Þessir skattar nema miklu allir til samans, en auk þeirra þurfa skattgreiðendur að borga útsvör til bæjar- og sveitarsjóða.

Þegar ríkissjóð skortir fé, eins og nú er, er ekki óeðlilegt, að lagðir séu allháir skattar á tekjur einstaklinga og félaga. En hitt er mjög óviðeigandi í alla staði að leggja svonefndan tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt á útgjöld manna, en að því er stefnt, ef sú ein breyting verður gerð á lögum um skattheimtu, sem frv. þetta felur í sér.

Á síðasta þingi voru sett lög um veltuskatt. Í þeim lögum er ákvæði um, að sá skattur skuli ekki vera frádráttarbær við ákvörðun skatta á tekjur. Ég tel óhjákvæmilegt, að þessu lagaákvæði verði breytt, ekki sízt ef tekjuskattsviðaukinn, sem frv. þetta fjallar um, verður í lög tekinn.

Veltuskatturinn er í eðli sínu tollur en ekki skattur. Skattar eru miðaðir við tekjur og eignir skattgreiðenda og eru því aðeins á lagðir, að um einhverjar hreinar tekjur eða eignir sé að ræða. En veltuskatturinn miðast við umsetningu eins og tollarnir. Hann er þó að því leyti ósanngjarnari en aðrir tollar, að hann leggst jafnt á brýnustu nauðsynjavörur sem miður þarfan og óþarfan varning. Tollur þessi leggst því sérstaklega þungt og ómaklega á þau fyrirtæki, sem aðallega verzlá með nauðsynjavörur, sem seldar eru með litilli álagningu. Og þrátt fyrir það ákvæði veltuskattsl., að ekki sé heimilt að telja gjald þetta í kostnaðarverði vöru, hlýtur það í mjög mörgum tilfellum að lenda á neytendum vörunnar, eins og aðrir tollar, og þá að sjálfsgöðu með mestum þunga á þá, sem hafa stærstar fjölskyldur á framfæri og þurfa þar af leiðandi að kaupa mest af vörum til heimila sinna. Alveg sérstaklega á þetta við um félagsmenn í samvinnufélögum. Flest kaupfélögin hafa á liðnum árum úthlutað verulegum tekjuafgangi til félagsmanna sinna í lok hvers árs, eftir viðskiptaveltu þeirra hvers um sig. Það er augljóst, að eftir álagningu veltuskattsins geta kaupfélögin ekki úthlutað slíkum tekjuafgangi, eða a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti. Verður því verð þeirrar vöru, er félagsmennirnir kaupa, þeim mun hærra, sem veltuskattinum nemur, og kemur skatturinn þannig þungt niður á fjölskyldumönnum, eins og þegar er fram tekið.

Af þessu er vel ljóst, að það hefur ekki við rök að styðjast, sem formælendur þessarar skattheimtu, þ. e. ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar, hafa haldið fram,

að gjald þetta væri eingöngu lagt á verzlunarfyrirtækin, en snerti á engan hátt almenning í landinu.

Fleiri dæmi er auðvelt að nefna, sem sýna, að veltuskatturinn og afleiðingar hans koma mjög illa við einstök fyrirtæki. Af eftirfarandi dæmi sést, að skattarnir verða miklu hærri en tekjurnar hjá einstökum fyrirtækjum, ef ekki verður leyft að draga veltuskatt frá tekjum, áður en skattar eru á þær lagðir.

Fyrirtæki nokkurt borgar 100 þús. kr. í veltuskatt árið 1945 og hefur á að gizka 50 þús. kr. í tekjuafgang af rekstri ársins. Samkvæmt frv. þessu og gildandi lögum borgar fyrirtækið í skatta árið 1946:

| | |
|--|--------------|
| Tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt, alls | kr. 60530.00 |
| Tekjuútsvar, reiknað eftir útsvarsstiga Reykjavíkurbæjar | — 25470.00 |

Samtals kr. 86000.00

Er þetta 36 þús. kr. hærri upphæð en tekjuafgangur fyrirtækisins, og er þó ekki hér með talið veltuútsvar, sem slík fyrirtæki þurfa að borga.

Þegar veltuskatturinn var á lagður, gaf ríkisstjórnin fyrirheit um, að hann skyldi ekki framlengdur. En ef þess verður krafizt, að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur verði greiddur af veltuskattinum, er hann raunverulega framlengdur að verulegu leyti um næstu ár, og er þá áður nefnt stjórnarloforð mjög fallið í verði.

Ég leyfi mér því að leggja fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi ný grein, þannig:
Veltuskatt samkv. lögum nr. 62 1945 skal draga frá tekjum, áður en tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur er á þær lagður árið 1946, enda sé veltuskatturinn greiddur áður en nefndir skattar eru á lagðir.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist:
Jafnframt fellur úr gildi 9. gr. laga nr. 62 2. marz 1945, um veltuskatt.
3. Við fyrirsögn: Á eftir „tekjuskattsviðauka“ komi: og skattaálagningu.

Alþingi, 14. des. 1945.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 347. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laga nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, kemur svo hljóðandi málsgrein:

Á þennan sérstaka reikning skal og leggja 15% af andvirði útflutnings eftir á fyrir hvert ár. Skal það fé háð fyrirmælum þessara laga að öllu leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nýbyggingarráði, og flytur fjárhagsnefnd það að beiðni forsætisráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv. og brtt. við það.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Hugmyndin með því að setja fastar 300 millj. kr. af erlendum innieignum banka-anna 1944 var sú að tryggja það að minnsta kosti, að þessi hluti af gróða stríðsár-anna yrði notaður til nýsköpunar. Það hlýtur þó að hafa verið ætlun löggjafans, að eðlileg endurnýjun og aukning atvinnutækjanna væri eftir sem áður greidd af and- virði hins árlega útflutnings þjóðarinnar. Ef það væri ekki, mundi hlutfall neyzlu- vara í innflutningnum aukast hlutfallslega mjög mikið, þar sem nóg kaupgeta er inn- anlands til að kaupa slíkar vörur.

Nú er hins vegar með lögunum um nýbyggingarráð því ráði fengin í hendur öll leyfisveiting fyrir innflutningi framleiðslu- og samgöngutækja, og með reglugerð er öðrum bannað að veita slík leyfi. Eigi því „normal“ innflutningur á framleiðslu- tækjum að halda áfram samtímis innflutningnum fyrir 300 milljónirnar, þá verður að taka ákveðinn hundraðshluta af andvirði útflutnings hvers árs og setja hann á þann sérstaka reikning, sem nýbyggingarráði er falið að ráðstafa.

Í meðfylgjandi töflu sést, hve miklu heildarútflutningur og heildarinnflutningur og innflutningur framleiðslutækja hefur numið að verðmæti síðastliðin tíu ár. Framleiðslutæki eru hér talin þær vörur, er hagstofan telur undir lið 7 í yfirliti sínu yfir innflutninginn. Eru þetta vélar, skip og önnur flutningstæki og ýmsar járn- og málmvörur (verkfæri o. fl.), og mun nokkurn veginn svara til þeirra vara, er nýbyggingarráð veitir innflutningsleyfi fyrir. Af þessari töflu sést, að innflutningur framleiðslutækja hefur þessi tíu ár að meðaltali numið 13,8% af öllum inn- flutningnum og 12,7% af útflutningnum. Vegna þess að verzlunarskýrslunum var breytt árið 1935, er ekki hægt að fara lengra aftur í tímann með þennan samanburð. Þau tíu ár, sem þessi samanburður nær yfir, hefur innflutningur framleiðslutækja verið miklu minni en eðlilegt verður að teljast. Árin fyrir stríðið átti sjávarútvegurinn, eins og kunnugt er, við mikla erfiðleika að stríða og gat ekki endurnýjað framleiðslutæki sín eins og nauðsynlegt var. Á stríðsárunum hefur ekki verið hægt að fá framleiðslutæki keypt erlendis nema í litlum mæli. Af þessum ástæðum verður að teljast nauðsynlegt að ætla hærri hlutfallstölu af inn- flutningnum til framleiðslutækja en áður hefur verið. Nýbyggingarráð leggur því til, að 15% af þeim erlenda gjaldeyri, sem á ári hverju fæst fyrir útflutninginn, legg- ist við nýbyggingarreikning og verði þar með varið til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta fé mundi færast á nýbyggingarreikning um hver áramót, er skýrslur um heild- arútflutninginn lægju fyrir. Að sjálfsögðu yrði Landsbankinn að sjá til þess, að jafn- óðum og hinn erlendi gjaldeyri berst bankanum, sé nóg lagt til hliðar, svo að bank- inn geti staðið við þessa skuldbindingu um hver áramót.

Fylgiskjal.

| Ár | Útfl. alls 1000 kr. | Innfl. alls 1000 kr. | Innfl. framl.- tækja (liður 7) | Innfl. framl.- tækja í % af heildarinnfl. | Innfl. framl.- tækja í % af heildarúttfl. |
|------------|------------------------|-------------------------|-----------------------------------|---|---|
| 1935 | 47772 | 45470 | 6354 | 14.0 | 13.3 |
| 1936 | 49642 | 43053 | 6330 | 14.7 | 12.8 |
| 1937 | 58988 | 53302 | 7545 | 14.2 | 12.8 |
| 1938 | 58607 | 50479 | 7541 | 14.9 | 12.9 |
| 1939 | 70536 | 64183 | 10393 | 16.2 | 14.7 |
| 1940 | 133030 | 74210 | 16466 | 8.7 | 4.9 |
| 1941 | 188629 | 131129 | 14103 | 10.8 | 7.5 |
| 1942 | 200572 | 247747 | 33395 | 13.5 | 16.6 |
| 1943 | 233246 | 251301 | 43085 | 17.1 | 18.5 |
| 1944 | 253845 | 247629 | 33179 | 13.4 | 13.1 |

Ed.

348. Lög

um breyting á lögum nr. 37 27. júní 1921, um lestagjald af skipum.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 290.

Nd.

349. Lög

um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 345.

Nd.

350. Frumvarp til laga

um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reka orkuverið við Ljósafoss ásamt aðalorkuveitunni til Reykjavíkur, auka það og reisa og reka önnur orkuver við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja aðrar háspennutaugar þaðan til Reykjavíkur og gera afspennistöðvar og framkvæma þau mannvirki, sem þarf til að afhenda orkuna samkvæmt 6. gr.

2. gr.

Orkuverin, háspennutaugarnar og afspennistöðvarnar samkvæmt 1. gr. nefnast einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki, aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin lætur í tæka tíð, að fenginni umsókn bæjarstjórnar Reykjavíkur í hvert sinn, gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdráttu vð virkjunina. Til þessara umbóta leggur Sogsvirkjunin fram helming kostnaðar, og telst hann með virkjunarkostnaði og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með virkjunarkostnaði má og telja allan undirbúningskostnað við mælingar, áætlanir og rannsóknir á virkjunartilhögunum.

Þegar orkuver verður reist við Efra Sogið, má enn fremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra Sogi, sem Reykjavíkurbær hefur keypt af eigendum Úlfjótsvatns, svo og vatnsréttindi þau, er ríkissjóður á fyrir Kaldárhöfðalandi, með sama verði, enda greiði Sogsvirkjunin andvirði þeirra jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú á Efra Sogið og veg frá henni vestan árinna, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

Þegar orkuver verður reist við Neðri Sogsfossana, má á sama hátt telja með kostnaði andvirði vatnsréttinda þeirra fyrir löndum Úlfljótsvatns, Bildsfells, sem nú er í eigu Reykjavíkurbæjar, og Syðri Brúar, sem er í eigu ríkissjóðs. Skal verðið ákveðið hlutfallslega eftir mati því, sem framkvæmt var á vatnsréttindum Ljósafoss 1935, og greiðast af Sogsvirkjuninni jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Þurfi vegna þessarar virkjunar að gera brú eða brýr á Sogið við Neðri fossana svo og veg að orkuveri frá alfaravegum, skulu mannvirki þau teljast til orkuversins.

5. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1., 3. og 4. gr. að upphæð allt að 34 millj. króna eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverum og við afspennistöðvar til almenningsnota í nálægum héruðum við kostnaðarverði og að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147 gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjun, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna, allt upp í það, að Sogið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess með sama skilyrði og segir í 5. gr. Skal aukningin framkvæmd, þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður að dómi ráðherra hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjun fram yfir það, að Sogið sé virkjað til hálf, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við Reykjavíkurbæ um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði meðeigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaafslsins móts við það vélaafli, er fyrir var, og eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarendi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst ekki, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr Soginu fullvirkjuðu handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Nú hefur virkjuninni safnast varasjóður, þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að rétttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndast af, frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Sogsvirkjuninni til héraða utan rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af ríkisstjórninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefndir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára í senn. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða

fulltrúar ríkisstjórnarinnar eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skuli fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 19. júní 1933, um virkjun Sogsins.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur. Nefndarmenn hafa áskilið sér að hafa óbundnar hendur um breytingar á frv.

Frumv. þetta er endurskoðun laganna um virkjun Sogsins, nr. 82 19. júní 1933. Aðalatriði þeirra laga er það, að Reykjavíkurbæ er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og til að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og gera afspennistöð þar og framkvæma þau mannvirki, sem til þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur. Jafnframt er þó Reykjavíkurbær eða Sogsvirkjunin, eins og fyrirtækið heitir, skylduð til þess að láta af hendi raforku til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%, þó ekki við herra verði en rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir fyrir raforkuna miðað við afhendingu á sama stað.

Enn fremur gera löggin ráð fyrir, að Reykjavíkurbær skuli auka við virkjun í Sogi, ef þurfa þykir, þar til fallvatnið er að hálfu fullvirkjað, en síðan taki ríkisstjórn við um framkvæmdir á aukningum, og gerist hún þá meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði um aðra tilhögun. Er þá tilætluð, að ríkisstjórnin kaupi til-
tölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, þannig, að hún verði eigandi að helmingi, þegar fallvatnið er fullvirkjað.

Með þessum lögum er Reykjavíkurbæ aðeins leyft að reisa og reka eitt orkuver (Ljósafossstöðin). Eins og kunnugt er, er nú fullvirkjað á þessum stað og orkan, sem þaðan fæst, fullnotuð eftir því sem vélaaflið þar frekast leyfir. Mest af orkuvinnslunni fer nú til Reykjavíkur (um 90%), en afgangurinn til Hafnarfjarðar og nágrennis Reykjavíkur.

Rafveitur ríkisins hafa nú þegar lagt veitu út á Reykjanes, og fyrirsjáanlegt er, að fyrir dyrum standa hjá þeim stórfelldar aðrar framkvæmdir.

Þá er notkun orkunnar í Reykjavík og Hafnarfirði í svo örum vexti, að til stórvandræða horfir, ef ekki verður ráðizt í að auka framleiðslu raforku.

Það orkar víst ekki tvímælis, að heppilegasta leiðin til aukningar þessarar verður fyrst og fremst ný eða nýjar virkjanir í Sogi, og er fyrirsjáanlegt, að orka sú, sem fánleg er úr Soginu fullvirkjuðu, er ekki meira en svo, að hún verður notuð til fulls, áður en mjög langt um liður, af Reykjavík og þeim nýju veitum, sem lagðar verða.

Er því nú eins mikil ástæða til þess samstarfs milli Reykjavíkurbæjar og ríkisins, sem frv. þetta um fulla virkjun Sogsins gerir ráð fyrir, eins og á þeim tíma, er löggin um virkjun Sogsins voru samþykkt, um samstarf þessara aðila um eitt raforkuver við fallvatn þetta.

Eins og getið var um í byrjun greinargerðarinnar, er hér um endurskoðun laganna um virkjun Sogsins að ræða, og er eina aðalbreytingin sú, að frv. þetta nær til fullvirkjunar Sogsins.

Sþ.

351. Nefndarálit

um till. til þál. um landsvist nokkurra útlendinga.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Í tillögu þessari er í raun og veru ekki um annað að ræða en það, að nokkrir útlendir menn, sem hér nutu landsvistarleyfis 1939, en voru fluttir héðan af hernaðarástæðum, haldi þessu landsvistarleyfi nú að hernaðinum loknum, meðan ekki sannast á þá neitt, er geri vist þeirra hér óæskilega, og með þeim skilyrðum, sem í tillögunni eru greind. Meiri hluti nefndarinnar telur þetta eðlilegt og mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Brtt. á þskj. 335, sem lá einnig fyrir nefndinni, er bæði óákveðnari og viðtækari, og telur meiri hlutinn hana ekki æskilega.

Alþingi, 14. des. 1945.

Magnús Jónsson, Hermann Jónasson, Garðar Þorsteinsson.
form., frsm.
Bjarni Ásgeirsson, Bjarni Benediktsson.

Sþ.

352. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. III. 6. Aftan við liðinn bætist:
Pegar risna sendiherra og sendifulltrúa í lið 1—6 hefur verið skilin frá staðaruppbótinni, skiptist staðaruppbótin hlutfallslega jafnt á alla starfsmenn sendiráðanna miðað við grunnlaun þeirra.
2. — 11. — A. 6. b. 3. (Skrifstofukostn. sýslumanna. Annar kostn.).
Fyrir „220 000“ kemur 200 000
3. — 11. — B. 1. (Skipaskoðun ríkisins).
Við liðinn bætist:
÷ Tekjur 118 000
4. — 11. — B. 9. (Vörumerkjaskráning).
Liðurinn fellur niður.
5. — 11. — B. 13. c. Nýr liður:
Nýbyggingarráð:
1. Laun:
a. Grunnlaun 96 150
b. Verðlagsuppbót .. 168 262
264 412
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting 22 200
3. Annar kostnaður 103 600
390 212
÷ Tekjur 390 212
6. — 13. — B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „500 000“ kemur 853 150
7. — 14. — A. II. 5. (Skýrslugerð dómkirkjuprests).
Liðurinn fellur niður.

| | | | |
|-----|-------------|---|---------|
| 8. | Við 14. gr. | A. VII. Nýr liður: Til að gefa út minningarrit vegna 100 ára afmælis presta- skólans | 6 000 |
| 9. | — 14. — | B. X. 2. f. (Hvanneyrarskóli). Nýr liður: Til byggingar kennarabústaðar | 8 000 |
| 10. | — 14. — | B. XIV. 7. (Fyrrverandi barnakennarar). a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „13 000“ kemur | 13 300 |
| | | b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „22 750“ kemur | 23 275 |
| 11. | — 14. — | B. XVI. 1. b. Nýr liður: Vegna launahækkunar samkvæmt launalögum | 360 000 |
| 12. | — 14. — | B. XVI. 5. Nýr liður: Til húsmæðraskólans á Staðarfelli, til kaupa á ljósa- mótor | 10 000 |
| 13. | — 14. — | B. XVII. 5. Nýr liður: Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar: a. Grunnstyrkur | 5 000 |
| | | b. Verðlagsuppbót | 8 750 |
| | | | 13 750 |
| 14. | — 15. — | A. IV. Liðurinn orðist svo: Til Náttúrufræðifélagsins | 42 100 |
| | | Þar af 5 000 kr. til að líma upp plöntusafn skólans. Náttúrufræðisafnið sé almenningi til sýnis. | |
| 15. | — 15. — | A. VII. 8. Nýr liður: Til útgáfu á ævisögum lærðra manna eftir Hannes Þor- steinsson, fyrsta greiðsla af þremur | 20 000 |
| 16. | — 15. — | A. IX. Nýr liður: Til Sir William Graigie, vegna nýrrar útgáfu á orðabók Richard Cleasby og Guðbrands Vigfússonar | 12 000 |
| 17. | — 15. — | A. X. 1. (Leikfélag Reykjavíkur). Fyrir „20 000“ kemur | 30 000 |
| 18. | — 15. — | A. XI. 1. Nýr liður: Til tónlistarskóla á Akureyri | 15 000 |
| | | gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að. | |
| 19. | — 15. — | A. XII. Nýr liður: Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun | 50 000 |
| 20. | — 15. — | B. VIII. Nýr liður: Til jarðborana og kaupa á jarðborum | 420 000 |
| 21. | — 16. — | A. 8. b. Nýr liður: Vangoldin verðlagsuppbót á framlag ríkisins til bygg- ingar- og landnámssjóðs árin 1942 og 1943 | 532 500 |
| 22. | — 16. — | A. 23. (Mjólkurbú og smjör-samlög). Fyrir „30 000“ kemur | 80 000 |
| 23. | — 16. — | A. 29. Nýr liður: Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi .. | 6 000 |
| 24. | — 16. — | B. 4. Nýr liður: Til Kristins Kristjánssonar, Nýhöfn, í viðurkenningar- skyni fyrir að finna upp linulagningaráhöld fyrir fiski- flotann | 20 000 |

| | | |
|-----|--|-----------|
| 25. | Við 18. gr. I. a. 1. Nýr liður: | |
| | Ágúst H. Bjarnason prófessor | 2 405 |
| 26. | — 18. — I. b. 24. Nýr liður: | |
| | Solveig Eggerz | 3 960 |
| 27. | — 18. — II. a. 10. (Guðmundur Sveinbjörnsson). | |
| | Fyrir „10 180“ kemur | 5 026 |
| 28. | — 18. — II. x. 40. Nýr liður: | |
| | Jón Bach, fyrrv. dyravörður | 1 000 |
| 29. | — 20. — Út. IV. (Viðbótarhúsnaði við rikisspítalana). | |
| | Fyrir „1 000 000“ kemur | 2 000 000 |
| 30. | — 20. — Út. VII. (Menntaskólinn í Reykjavík). | |
| | a. Fyrir „1 000 000“ kemur | 500 000 |
| | b. Nýr liður: | |
| | Til byggingar heimtavistarhúss við Menntaskólann | |
| | á Akureyri | 500 000 |
| 31. | — 20. — Út XIV. Liðurinn orðist svo: | |
| | Til byggingar á prestssetrum | 650 000 |
| | Þar af 150 000 kr. til byggingar prestsseturshúss í Hestþingum. | |
| 32. | — 22. — II. Nýir liðir: | |
| | a. Að láta niður falla að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til, | |
| | að innheimta framlög ríkisins á stríðsárunum til nauðstaddra | |
| | Íslendinga erlendis. | |
| | b. Að greiða Ingibjörgu Jóhannsdóttur, fyrrverandi kennara 10 | |
| | þús. kr. | |
| 33. | — 22. — V. Liðurinn orðist svo: | |
| | Að endurgreiða tónlistarfélagi Akureyrar toll af blásturshljóðfærum, | |
| | sem það flutti inn í lok ársins 1944, svo og að endurgreiða Háskóla | |
| | Íslands toll af orgeli í kapellu háskólans. | |
| 34. | — 22. — VIII. Nýr liður: | |
| | Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að | |
| | kenna kennslukonuefnum vefnað. | |
| 35. | — 22. — XII. Nýir liðir: | |
| | a. Að verja allt að 50 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal, | |
| | eftir að verkið hefur verið undirbúið. | |
| | b. Að greiða 18 þús. kr. til fyrirhleðslu í Grjótá og Staðará, gegn | |
| | greiðslu 1/3 kostnaðar annars staðar að. | |

Nd.

353. Breytingartillaga

við frv. til 1. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Jóni Sigurðssyni og Sigurði Þórðarsyni.

Við 2. gr. B.

Á eftir tölulíð 18 „Hafnir“, komi nýr liður:

Haganesvík.

Ed.

354. Lög

um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 195.

Ed. 355. Lög

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 153.

Ed. 356. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Innra Akraneshreppi jörðina Staðarhöfða.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 209.

Ed. 357. Lög

um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarsaðir.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Sp. 358. Tillaga til þingsályktunar

um alþjóðarútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða $\frac{3}{5}$ hluta af útgáfukostnaði alþjóðarútgáfu Heimskringlu Snorra Sturlusonar, allt að 65 þús. kr., í sambandi við sjö alda dánarafmæli þessa rithöfundar.

Greinargerð.

Íslendingar eiga einn og ekki nema einn rithöfund, sem er hvarvetna talinn tækur í úrval mestu frægðarmanna í sagnfræði, þegar miðað er við alþjóðamælikvarða. Þessi maður er Snorri Sturluson. Heimskringla er frægasta ritverk hans. Hún er slíkt afburðaverk bæði um áreiðanleik og ritsnilld, að hámenntaður Englendir, Dufferin lávarður, hefur lýst yfir, að Bretar verði að leggja fram þrjá af sínum mestu sögunillingum til að geta lagt á metaskálina jafnfjölpætta yfirburði í sagnaritun eins og Snorri Sturluson hefur til að bera einn saman. En þó að undarlegt megi teljast, hefur frægasta bók frægasta rithöfundar á Íslandi aldrei verið prentuð í heilu lagi hér á landi fyrr en í fyrra og þá í svo dýrri útgáfu (270 kr.), að telja má fráleitt, að bókin komist í þeirri mynd í hendur almennings á Íslandi. Fornritafélagið gefur Heimskringlu út um þessar mundir í nokkrum bindum fyrir fræðimenn. Er það nauðsynlegt verk, en sú útgáfa hefur takmarkað verkefni og takmarkaðan kaupendahóp. Við hlið fræðimannautgáfunnar þarf Heimskringla að komast í einföldum og óbrotnum búningi inn á hvert heimili í landinu. Það virðist vera nægilegt að láta Snorra Sturluson bíða í 700 ár eftir tækifæri til að tala í hverju heimili íslenzku við þá kynslóð, sem er að nema móðurmálið og taka við menningararfi þjóðarinnar.

Norska þjóðin lítur nokkuð öðrum augum á Heimskringlu. Norðmenn telja sig eiga þrjá helgidóma: Biblíuna, Heimskringlu og stjórnarskrána frá Eiðsvelli. Í augum Norðmanna er Snorri Sturluson tvennt: Yfirburða ritsnillingur og sá maður, sem hefur bjargað fornsögu Norðmanna, Svía og Dana frá gleysku. Þó að Heimskringla nái ekki á sama hátt til viðburða á Íslandi, þá var saga Norðurlanda og svo nátengd Íslendingum á þjóðveldistímanum, að norskar söguhetjur hafa frá fornöld haft andlegan borgararétt í hugum íslenzku þjóðarinnar. En auk þess hefur Heimskringla þá yfirburði fyrir Íslendinga, að þar hafa þeir ævarandi fyrirmynd og uppsprettu sannarlegrar snilldar um meðferð móðurmálsins. Það er alkunnugt, að sá núlifandi Íslendingur, sem er einhver mesti snillingur í meðferð íslenzkrar tungu, dr. Helgi Péturss, bar ekki af öðrum mönnum í þeirri grein, þegar hann hafði lokið háskólaprófi, en lagði eftir það óvenjulega stund á að skilja leyndardóma móðurmálsins og hafði þá einna mesta stoð í því að rannsaka verk Snorra Sturlusonar og Jónasar Hallgrímssonar. Það, sem Helgi Péturss hefur gert með afburðum, geta flestir aðrir gert sér til nokkurrar fullkomunar.

Heimskringla á að vera íslenzkur dýrgripur í hverju heimili á Íslandi, hjá fátækum mönnum, ríkismönnum og fræðimönnum.

Þjóðræknur mönnum í Noregi hefur lengi fundizt, að norska þjóðin stæði í óbættri skuld við Snorra Sturluson. Hann var veginn að tilstilli norskra valdamanna, af því að þeim þótti hann of mikill Íslendingur og standa í vegi fyrir landvinningastefnu þeirra. Þetta er önnur hlið málsins. En jafnframt þessu telja Norðmenn Snorra þjóðingarmesta velgerðarmann þjóðarinnar. Hann bjargaði frá glötun minningum um fortíð þjóðarinnar, sem nútímafrægð Noregs byggist á.

Það hefur lengi verið nokkurt vandamál í Noregi, hversu norska þjóðin gæti í einu bætt fyrir glæp Hákonar gamla gagnvart Snorra Sturlusyni og jafnframt sýnt í verki aðdáun sína og þakklátsemi við þennan velgerðarmann norsku þjóðarinnar. Að síðustu varð það samkomulag áhugamanna í þessu efni að reisa Snorra veglegan minnisvarða á Íslandi. Skyldi minnismerkið vera eftir norskan listamann og gjöf til Íslendinga frá norsku þjóðinni. Var það ráðagerð Norðmanna að afhjúpa þetta minnismerki í Reykholti haustið 1941, en þá voru liðnar sjö aldir frá vígi Snorra Sturlusonar. En vorið 1940 var Noregur hernuminn, svo sem kunnugt er. Frægasti myndhöggvari Noregs, Gustav Vigeland, hafði gert myndastyttuna, og stóð hún fullgerð í málmsteypu, þegar Noregur lenti í stríðinu. Var nokkur uggur í mönnum, að Þjóðverjar kynnu að nota málminn úr minnismerkinu til hernaðarþarfa, en það varð þó ekki. Myndastyttan var óskemmd, þegar stríðinu lauk. Eftir að vitað var hér á landi, að Norðmenn hefðu í hyggju að gefa Íslandi þessa merkilegu minningargjöf um Snorra Sturluson, ákvað Alþingi að hefja nokkurn viðbúnað í Reykholti. Hefur árlega verið veitt fé í fjárlögum til Snorragarðs í Reykholti, þar sem svo er gengið frá umhverfi myndastyttunnar, að það verður í nokkru samræmi við frægð Snorra og stórhug hinna norsku gefenda. Fyrir skömmu hefur horizt frá Noregi áreiðanleg vitneskja um, að norska Snorranefndin hafi í hyggju að afhenda íslenzka ríkinu Snorramyndina á helgidegi Ólafs konungs Haraldssonar í lok júlímánaðar næstkomandi. Er húizt við, að Ólafur krónprins komi á herskipi með friðu föruneyti til að gera þennan atburð sem hátíðlegastan og sýna á ótvíræðan hátt aðdáun norsku þjóðarinnar á þessum íslenzka rithöfundum og þakklæti Norðmanna fyrir afrek hans.

Þetta er hluti Norðmanna, og er hann virðulegur svo sem vera ber. En nokkur missmiði hafa verið á því, hversu Íslendingar hafa búizt að minningu Snorra Sturlusonar. Þjóðin hefur frétt frá útlöndum um frægð og ágæti Snorra Sturlusonar. Menn hafa trúað því, að Snorri væri landinu til sæmdar og tekið hart á því, sem rétt var, þegar einstaka Norðmenn vildu telja heiminum trú um, að hann væri ekki Íslendingur, heldur norskur rithöfundur. En ræktarsemin við Snorra Sturluson hefur ekki náð lengra en þetta. Hin mikla sögulega bók hans hefur ekki verið gefin út hér á landi fyrr en í fyrra. Ég hef nú í vetur gert nokkra athugun á því, hvenær vel menntir Íslendingar hafa kynnt Heimskringlu af eigin sýn, og kemur þá í ljós, að þing-

menn, vísindamenn og ritstjórar stærstu blaðanna, til að nefna nokkur dæmi, hafa ekki séð þessa bók fyrr en þeir höfðu náð fullorðinsaldri. Mjög oft voru það þá norskar útgáfur, sem fyrst urðu á vegi þessara Íslendinga.

Svo búið má ekki standa. Norðmenn eiga skuld að gjalda vegna misgerða við Snorra, og þeir bæta nú fyrir gamlar syndir, eftir því sem við má koma. En íslenska þjóðin stendur líka í óbættri sök við Snorra Sturluson. Og sú skuld verður ekki goldin nema með einu móti: að koma Heimskringlu inn á hvert einasta heimili í landinu og gera það að óskrifadri reglu, að meginverk mesta ritsnillings á Íslandi verði hér eftir dýrgripur við vöggju hvers barns, sem fæðist upp á Íslandi.

Nú vill svo vel til, að Helgafellsútgáfan hefur í þessu efni séð fyrir þörfum þeirra manna á Íslandi, sem kaupa góða bók, þó að hún kosti nærri 300 krónur. Fornritafélagið er líka á góðri leið með að bæta úr þörf þeirra, sem vilja ekki aðeins lesa Heimskringlu, heldur fræðast líka um, hversu handrit þess verks hafa geymt, um mismun handritanna og um ýmsar ólíkar skoðanir og fræðisetningar varðandi þetta verk, sem lærðir menn í ýmsum löndum hafa deilt um. Með þeim hætti er verið að greiða skuldina við Snorra Sturluson að því er snertir ríka Íslendinga og lærdómsmenn í landinu. En samt er eftir meginhluti þjóðarinnar, sem mundi fagna Heimskringlu eins og þeir menn gera, sem lesa bækur vegna góðs efnis og mikillar ritnilldar. Tillaga mín miðar í þá átt, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að greiða 60% af útgáfukostnaði Heimskringlu, ef Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gæfu hana út næsta ár sem félagsmannabók í 13 þús. eintökum. Með þessum hætti væri allvel séð fyrir þörfum þjóðarinnar. Frægasta bók eftir íslenzkan höfund væri þá eftir sjö hundruð ára bið komin inn á hvert heimili í landinu. Snorri Sturluson fengi þá nýtt hlutverk. Verk hans yrði lifrænn þáttur í þjóðlegri menningu landsmanna, en hætti að vera fánýt auglýsing manna, sem vilja miklast af frægð hans, en vita ekki, af hverju sú frægð stafar.

Það er mál manna í Noregi, að Norðmenn verði að leggja bæði Ibsen og Björnson á metaskálina til að jafnast á við Vigeland einan á vopnaþingi listamanna. Bretar viðurkenna, að þeir verði að leggja þrjá af sínum úrvalsmönnum móti Snorra Sturlusyni, ef ekki á að halla á Englendinga í samkeppni sagnfræðinga. En okkur Íslendinga skortir þó gagnvart minningu Snorra Sturlusonar að láta yfirburði hans verða óaðskiljanlegan hluta þjóðlegrar menningar í landinu.

Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið eru nú að leysa af hendi mjög vanrækt, þjóðlegt skylduverk. Þessi tvö útgáfufyrirtæki eru að láta rita fyrstu Íslandssöguna, sem gerð hefur verið í landinu. Þau eru að undirbúa útgáfu þeirrar Íslandslýsingar, sem Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson vildu gera fyrir hundrað árum, en höfðu þá ekki aðstöðu til að leysa af hendi. Þau eru að freista að hrinda í framkvæmd allsherjarútgáfu af verkum Jóns Sigurðssonar. Þau hafa valið tvo málfræðinga til að búa undir útgáfu Illions- og Odysseifskviðu í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar, en málið á því verki líkist mest meðferð Jónasar Hallgrímssonar á íslenskri tungu. Þá hafa Þjóðvinafélagið og Menntamálaráð hafið útgáfu Íslendingasagna. Er Njála komin út og Egilssaga nálega fullprentuð. Er tilgangurinn að koma Íslendingasögunum öllum, í einfaldri en vandaðri útgáfu, í hendur alls almennings í landinu. Ef það þætti þjóðarsæmd að koma Heimskringlu svo að segja á öll íslensk heimili, þegar Norðmenn gefa íslenzku þjóðinni minningargjöf sína um Snorra Sturluson, verður sá vandi varla leystur nema með því, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið felli niður að gefa út bindi af Íslendingasögu næsta ár og láti Heimskringlu koma í þess stað. En það leiðir af sjálfu sér, að útgáfufyrirtæki, sem lætur félagsmenn sína fá 4–6 bækur fyrir 20 kr. árgjald, getur ekki bætt slíku stórverki eins og Heimskringlu við, án sérstaks stuðnings frá þjóðfélaginu, þar sem slík bók myndi nú, í höndum einstakra útgefenda, varla kosta minna en 150 kr. í minnsta lagi. Því fer þess vegna fjarri, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið geti sótt á um að leggja út í slíkt fyrirtæki, nema í samráði við forráðamenn landsins og með nauðsynlegum stuðningi frá ríkissjóði. Ég hef látið gera athugun á því, hve mikið mundi kosta að gefa Heims-

kringlu út í 13 þús. eintökum á svipaðan hátt og Íslendingasögur. Virðist sá kostnaður vera um 100 þús. kr. Egilssaga, sem nú er á döfinni, kostar tæplega 40 þús. kr., og er sú bók í stærsta lagi fyrir útgáfuna. Legg ég þess vegna til, að Alþingi heimili fjármálaráðherra að verja úr ríkissjóði $\frac{3}{5}$ hlutum útgáfukostnaðar við Heims-kringlu, ef Þjóðvinafélagið og Menntamálaráð gera verk Snorra að félagsbók að ári, til minningar um sjö alda dánarafmæli mesta ritsnillings á Íslandi.

Ed. 359. Lög

um togarakaup ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 360. Lög

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 180.

Nd. 361. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis 1946.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1946 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsætisráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Með því að í ráði er að fresta nú fyrir jólin fundum reglulegs Alþingis 1945 til 1. febrúar n. k., en þess biða þá allmikil verkefni til úrlausnar og afgreiðslu, er sýnt, að nýtt reglulegt þing getur ekki komið saman á venjulegum tíma, 15. febrúar, og þykir ríkisstjórninni því rétt að leggja til, að samkomudagur reglulegs Alþingis á næsta ári verði ákveðinn 1. október, nema óhjákvæmilegt reynist að kveðja það saman fyrir.

Sp.

362. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946 og við brtt. á þskj. 352.

| | |
|---|-----------|
| I. Frá <i>fjárveitinganefnd</i> . | |
| Við 3. gr. A. Sundurliðun. 5. Ríkisútvarpið. Eignabreytingar 2. | |
| Liðinn skal orða svo: | |
| Til ráðstöfunar Alþingis síðar | 1 080 000 |
| II. Frá <i>Hermanni Jónassyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. 31. (Bitruvegur). | |
| Fyrir „200 000“ kemur | 500 000 |
| Til vara | 300 000 |
| III. Frá <i>Bernharð Stefánssyni</i> og <i>Garðari Þorsteinssyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. | |
| 1. Við 47. (Hrisavegur). Fyrir „10 000“ kemur | 25 000 |
| 2. Við 49. (Hörgárdalsvegur). Fyrir „10 000“ kemur | 25 000 |
| 3. Við 51. (Laugalandsvetur). Fyrir „20 000“ kemur | 50 000 |
| IV. Frá <i>Páli Zóphóníassyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. | |
| 1. Við 65. (Brekkaheiðarvegur). Fyrir „60 000“ kemur | 100 000 |
| 2. Við 67. Nýr liður: | |
| Jökulsárhlíðarvegur | 5 000 |
| V. Frá <i>Páli Þorsteinssyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. | |
| 1. Við 84. Liðurinn orðist: | |
| Nesjavegur | 30 000 |
| 2. Við 87. (Öræfavegur). Fyrir „15 000“ kemur | 20 000 |
| VI. Frá <i>Sveinbirni Högnasyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. | |
| 1. Við 89. (Landbrotsvegur). Fyrir „20 000“ kemur | 50 000 |
| 2. Við 92. (Mýrdalssandsvegur). Fyrir „20 000“ kemur | 40 000 |
| VII. Frá <i>Ingólfi Jónssyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. A. 95. (Syðri-Landeyjavegur). | |
| Fyrir „40 000“ kemur | 60 000 |
| VIII. Frá <i>Jörundi Brynjólfssyni</i> og <i>Sveinbirni Högnasyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. II. a. 104. Nýr liður. | |
| Suðurlandsvegur, 1. greiðsla af sex | 3 700 000 |
| IX. Frá <i>Eysteini Jónssyni</i> og <i>Ingvari Pálmasyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. III. 8. | |
| Nýir liðir: | |
| 1. Geitdalsá og Múlaá í Skriðdal | 150 000 |
| 2. Hofsa í Álftafirði | 150 000 |
| X. Frá <i>Gisla Sveinssyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. III. 10. Nýr liður: | |
| Skaftá undan Heiði á Síðu | 60 000 |
| XI. Frá <i>Hermanni Jónassyni</i> , <i>Sveinbirni Högnasyni</i> , <i>Gisla Sveinssyni</i> , <i>Páli Zóphóníassyni</i> og <i>Páli Hermannssyni</i> . | |
| Við 13. gr. A. III. 12. Nýir liðir: | |
| 1. Staðará í Steingrímsfirði | 120 000 |
| 2. Djúpá í Fljótshverfi | 180 000 |
| 3. Jökulsá í Fljótsdal | 250 000 |

| | | |
|---|--------|---------|
| XII. Frá <i>Ingólfi Jónssyni</i> . | | |
| Við 13. gr. A. XII. Nýr liður: | | |
| Til gistihússbyggingar að Múlakoti í Fljótshlíð | | 30 000 |
| <i>Til vara</i> | | 20 000 |
| XIII. Frá <i>Sigurði Þórðarsyni</i> og <i>Jóni Sigurðssyni</i> . | | |
| 1. Við 13. gr. C. IX. 14. (Hafnarmannvirki, Hofsós). | | |
| Fyrir „25 000“ kemur | | 50 000 |
| 2. Við 13. gr. C. IX. 24. (Hafnarmannvirki, Sauðárkrókur). | | |
| Fyrir „75 000“ kemur | | 150 000 |
| XIV. Frá <i>Ingólfi Jónssyni</i> . | | |
| Við 14. gr. A. VII. Nýr liður: | | |
| Til Ásólfsskálakirkju | | 30 000 |
| <i>Til vara</i> | | 15 000 |
| XV. Frá <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> , <i>Eysteini Jónssyni</i> , <i>Gunnari Thoroddsen</i> og <i>Kristni Andrésyni</i> . | | |
| 1. Við 14. gr. B. I. 3. (Námsstyrkir við háskólann). | | |
| Fyrir „87 500“ kemur | | 125 000 |
| 2. Við 14. gr. B. I. 4. (Húsaleigust. við sama skóla). | | |
| Fyrir „37 500“ kemur | | 50 000 |
| XVI. Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> og <i>Jörundi Brynjólfssyni</i> . | | |
| Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður: | | |
| Til Önnu Þórhallsdóttur frá Hornafirði, til söngnáms í Vesturheimi | | 8 500 |
| <i>Til vara</i> | | 6 500 |
| XVII. Frá <i>Brynjólfi Bjarnasyni</i> og <i>Péttri Magnússyni</i> . | | |
| Við 14. gr. B. XV. 3. Nýr liður: | | |
| Til námsstjóra við framhaldsskóla: | | |
| a. Grunnlaun | 10 200 | |
| b. Verðlagsuppbót | 17 850 | |
| | 28 050 | |
| c. Ferðakostnaður | 6 000 | |
| | 34 050 | |
| XVIII. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . | | |
| Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður: | | |
| Til Skallagrimgarðs í Borgarnesi | | 1 000 |
| XIX. Frá <i>Ingólfi Jónssyni</i> , <i>Kristni Andrésyni</i> , <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> og <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> . | | |
| Við 14. gr. B. XV. 13. (Handiðaskólinn, grunnstyrkur). | | |
| Fyrir „25 000“ kemur | | 31 000 |
| <i>Til vara</i> | | 29 000 |
| XX. Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> . | | |
| Við 14. gr. B. XXVII. Nýr liður: | | |
| Til sjóvinnuskóla í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað | | 50 000 |
| XXI. Frá <i>Sigfúsi Sigurhjartarsyni</i> og <i>Ingólfi Jónssyni</i> . | | |
| Við 15. gr. A. III. 1. (Þjóðminjasafnið. Laun). | | |
| 1. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „18 300“ kemur | | 25 500 |
| <i>Til vara</i> | | 23 500 |
| 2. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „32 025“ kemur | | 44 625 |
| <i>Til vara</i> | | 41 125 |

| | |
|--|----------|
| XXII. Frá <i>Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Sigurði Thoroddsen.</i> | |
| Við 15. gr. A. VI. 2. b. (Bókasafnið á Ísafirði). Nýr liður: | |
| Byggingarstyrkur | 20 000 |
| Til vara | 15 000 |
| XXIII. Frá <i>Péttri Magnússyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Helga Jónassyni og Finni Jónssyni.</i> | |
| Við 15. gr. A. VIII. Aftan við fyrri málsgrein athugasemdarinnar bætist: | |
| og Steingrímur Matthíasson, fyrrum héraðslæknir, 5 000 kr. heiðurslauna, að viðbætti verðlagsuppbót. | |
| XXIV. Frá <i>Sigurði E. Hlíðar.</i> | |
| Við brtt. 352, 18. Við 15. gr. A. XI. 1 — (Tónlistarskóli á Akureyri). | |
| a. Fyrir „15 000“ kemur | 20 000 |
| b. Aftan við athugasemdina bætist: | |
| enda náist samkomulag milli tónlistaraðila á Akureyri um stofnun sameiginlegs tónlistarfélags þar. | |
| XXV. Frá <i>Bjarna Benediktssyni og Sigfúsi Sigurhjärtarsyni.</i> | |
| Við 15. gr. A. XI. 3. (Lúðrasveit Reykjavíkur). | |
| Fyrir „25 000“ kemur | 45 000 |
| XXVI. Frá <i>férmálaráðherra.</i> | |
| Við brtt. 352, 19. (Við 15. gr. A. XII. — Guðjón Samúelsson). | |
| a. Fyrir „50 000“ kemur | 10 000 |
| b. Við meginmál liðarins bætist: 1. greiðsla af fimm. | |
| XXVII. Frá <i>atvinnumálaráðherra.</i> | |
| Við 15. gr. B. I. 2. d. Nýr liður: | |
| Til byggingar rannsóknarstofnunar fyrir fiskiðnfræði og fiskifræði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans | |
| | 200 000 |
| Til vara | 100 000 |
| XXVIII. Frá <i>Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.</i> | |
| 1. Við 16. gr. A. 13. Nýr liður: | |
| Til varnar á Þverárbökkum neðan Þverárbrúar að Fróðholti | |
| | 30 000 |
| Til vara | 20 000 |
| 2. Við 16. gr. A. 14. Nýr liður: | |
| Til fyrirhleðslu í Laugará í Austur-Eyjafjallahreppi .. | |
| | 30 000 |
| Til vara | 20 000 |
| XXIX. Frá <i>Þorsteini Þorsteinssyni, Haraldí Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni, Eysteini Jónssyni og Sigurði Bjarnasyni.</i> | |
| Við 16. gr. A. 20. e. Nýr liður: | |
| Til friðunar skóglendis á einstökum jörðum samkv. lögum nr. 10 13. febr. 1943 | |
| | 40 000 |
| XXX. Frá <i>Haraldi Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni, Einari Olgeirssyni og Sigurði Bjarnasyni.</i> | |
| Við 17. gr. 20. (Kvenréttindafél. Ísl.). | |
| Fyrir „10 000“ kemur | 15 000 |
| XXXI. Frá <i>Sigfúsi Sigurhjärtarsyni og Kristni Andréssyni.</i> | |
| Við 18. gr. II. a. 2. (Ágúst H. Bjarnason). | |
| Fyrir „2 500“ kemur | 6 924.20 |
| Til vara | 5 000.00 |

- XXXII. Frá *Stefáni Jóh. Stefánssyni, Emil Jónssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni*.
Við brtt. 352, 28. (Við 18. gr. II. x. 40. — Jón Bach).
Fyrir „1 000“ kemur 2 000
- XXXIII. Frá *Péttri Magnússyni*.
Við 22. gr. V. Aftan við liðinn bætist:
Enn fremur að endurgreiða Fornritafélaginu aðflutningsgjöld af ljósprentuðum eintökum af Laxdælu, er flutt voru frá Vesturheimi.
- XXXIV. Frá *Kristni Andréssyni, Páli Hermannssyni og Magnúsi Jónssyni*.
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að verja allt að 50 þús. kr. til kaupa og heimflutnings á listaverkinu „Saltfiskstöflun“ eftir Sigurjón Ólafsson myndhöggvara.
- XXXV. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni og Kristni Andréssyni*.
Við 22. gr. VIII. Við liðinn bætist:
og Þorkeli Þorkelssyni full embættislaun, ef hann lætur af starfi veðurstofustjóra.
- XXXVI. Frá *forsætisráðherra*.
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða Jóni Sveinbjörnsson, fyrrv. ríkisráðsritara, 5 þús. kr. eftirlaun.
- XXXVII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Hermannni Jónassyni, Einari Olgeirssyni og Jóhanni Jósefssyni*.
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að greiða Jörundi Gestssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði smærri báta.
- XXXVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni og Sveinbirni Högnasyni*.
Varatill. við brtt. sömu manna við 13. gr. A. II. a. 104.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að verja á árinu allt að 3 700 000 úr ríkissjóði til lagningar Suðurlandsvegur.
- XXXIX. Frá *Bjarni Benediktssyni, Haraldri Guðmundssyni og Jónasi Jónssyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að greiða allt að 60 þús. kr., þó ekki yfir $\frac{3}{5}$ hluta kostnaðar við almenningsútgáfu af Heimskringlu Snorra Sturlusonar í 13 þús. eintökum, ef menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefa út þetta verk sem félagsmannabók 1946.
- XL. Frá *Páli Zóphóniasyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að láta byggja brú yfir Jökulsá í Fljótsdal, ef efni og vinna fæst til brúarbyggingarinnar, enda fáið fé að láni árlangt vaxtalaust í sama skyni.
- XLI. Frá *Áka Jakobssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Sigurði Kristjánssyni og Bernharði Stefánssyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast vegna sildarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 2 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu sildarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.
- XLII. Frá *Bernharði Stefánssyni og Garðari Þorsteinssyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast 160 þús. kr. lán fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til fiskmjöls- og niðursuðuverksmiðju.

XLIII. Frá Finni Jónssyni, Sigurði Bjarnasyni og Sigurði Thoroddsen.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 3 millj. kr. lán, er bærinn tekur til greiðslu á framlagi til togarakaupa, til fyrirhugaðs fiskiðnaðarfyrirtækis og til byggingar menningarstofnana.

Sþ.

363. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

| | | |
|--|--------|---------|
| I. Frá Gunnari Thoroddsen. | | |
| 1. Við 13. gr. A. II. a. 9. Nýr liður: | | |
| Hnappadalsvegur | | 20 000 |
| 2. Við 13. gr. A. II. a. 11. (Útnesvegur). | | |
| a. Fyrir „60000“ kemur | | 90 000 |
| b. Nýr liður: | | |
| Hellissandsvegur | | 35 000 |
| 3. Við 13. gr. A. II. a. 12. Liðinn skal orða svo: | | |
| Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur: | | |
| a. Í Fróðárhreppi | 10 000 | |
| b. Í Eyrarsveit | 30 000 | |
| | | 40 000 |
| II. Frá Þorsteini Þorsteinssyni. | | |
| Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður: | | |
| Laxárdalsvegur | | 25 000 |
| III. Frá Ásgeiri Ásgeirssyni. | | |
| 1. Við 13. gr. A. II. a. 24. (Rafnseyrarheiðarvegur). | | |
| Fyrir „110 000“ kemur | | 150 000 |
| 2. Við 13. gr. A. II. a. 25. (Hjarðardalsvegur). | | |
| Fyrir „15 000“ kemur | | 30 000 |
| IV. Frá Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni og Sigurði Thoroddsen. | | |
| Við 13. gr. A. II. a. 27. (Súðavíkurvegur). | | |
| Fyrir „35 000“ kemur | | 90 000 |
| V. Frá Jóni Pálmassyni. | | |
| 1. Við 13. gr. A. II. a. 36. (Svinvetningabraut). | | |
| Fyrir „25 000“ kemur | | 50 000 |
| 2. Við 13. gr. A. II. a. 37. (Skagastrandarvegur). | | |
| Fyrir „60 000“ kemur | | 120 000 |
| VI. Frá Gunnari Thoroddsen. | | |
| 1. Við 13. gr. A. II. b. 1. (Ólafsvíkurvegur). | | |
| Fyrir „90 000“ kemur | | 45 000 |
| 2. Við 13. gr. A. II. b. 2. (Stykkishólmsvegur). | | |
| Fyrir „120 000“ kemur | | 60 000 |
| 3. Við 13. gr. A. III. 1. Nýr liður: | | |
| Langadalsá á Skógarströnd, fyrri greiðsla | | 45 000 |
| VII. Frá Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni og Sigurði Thoroddsen. | | |
| Við 13. gr. A. III. 5. Nýr liður: | | |
| Ósá í Norður-Ísafjarðarsýslu, fyrri greiðsla | | 65 000 |

| | | |
|-------|---|---------|
| VIII. | Frá <i>Jóni Pálmasyni</i> . Við 13. gr. A. III. 6. Nýr liður: Blanda hjá Löngumýri, fyrri greiðsla | 200 000 |
| IX. | Frá <i>Ólafi Thors</i> . Við 13. gr. A. XI. e. (Ræktunarvegir). Nýr liður: Í landi ríkisins í Kópavogi | 50 000 |
| X. | Frá <i>Ásgeiri Ásgeirssyni</i> . 1. Við 13. gr. C. IX. 12. (Hafnarmannvirki — Flateyri). Fyrir „30 000“ kemur | 50 000 |
| | 2. Við 13. gr. C. IX. 27. (Hafnarmannvirki — Súgandafjörður). Fyrir „25 000“ kemur | 75 000 |
| XI. | Frá <i>Gunnari Thoroddsen</i> . 1. Við 13. gr. C. IX. 13. (Hafnarmannvirki — Grafarnes). Fyrir „75 000“ kemur | 125 000 |
| | 2. Við 13. gr. C. IX. 26. (Hafnarmannvirki — Stykkishólmur). Fyrir „50 000“ kemur | 100 000 |
| | 3. Við 13. gr. C. X. 13. (Lendingarbætur). Nýr liður: Hellnar | 10 000 |
| XII. | Frá <i>Jóni Pálmasyni</i> og <i>Jóhanni Jósefssyni</i> . Við 22. gr. XVII. Aftan við liðinn bætist: þar af til Skagastrandarhafnar 200 þús. kr. og til Vestmannaeyjahafnar 100 þús. kr. | |
| XIII. | Frá <i>Jóni Pálmasyni</i> . Við 22. gr. XIX. Nýr liður: Að greiða til mjólkurbús á Blönduósi $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar. Einnig að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnavetninga til þess að stofna mjólkurbúið, allt að helmingi stofnkostnaðar. | |

Nd.

364. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eins og kunnugt er, fer þetta frv. fram á bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa innan línu, sem dregin er frá yztu tá Öndverðarness og yztu tá Reykjaness. Bann þetta á þó aðeins að ná til íslenskra ríkisborgara.

Í greinargerð frv. segir m. a., að flm. vilji „með samþykkt þess láta það koma skýrt í ljós, hve ríka áherzlu Íslendingar leggi á það að geta fengið því til vegar komið, að Faxaflói verði leystur undan botnvörpuveiðaánauðinni.“

Ekki þarf að efa það, að víst mundi þykja mjög fast að orði kveðið hvað þetta mál snertir, ef svo færi fram sem flm. vill, en þó er þar með ekki séð til fullnustu, að aðrar þjóðir teldu sér skylt að feta í fótspor Íslendinga, þótt þessi samþykkt væri gerð. Hitt er víst, að mjög mundi verða auðveldara fyrir öll útlend veiðiskip að hagnýta sér hin auðugu mið, er hér ræðir um, þegar öll íslensk botnvörpu- og dragnótaskip væru þaðan á burtu.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og leitað álits annarra um það. Eftirtaldir aðilar hafa sent sjávarútvegsnefnd álit sitt á frv.:

1. Atvinnudeild háskólans, fiskideild.
2. Stjórn Fiskifélags Íslands.
3. Landssamband ísl. útvegsmanna.

4. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.

5. Fjórðungsping fiskideilda Sunnlendingafjórðungs.

Þess skal getið, að Landssamband ísl. útvegsmanna sendi með erindi sínu samþykktir útvegsmanna á Akranesi, Hafnarfirði og Keflavík. Þessar umsagnir mæla með samþykkt frv. að undanskildum tveim þeirra, þ. e. a. s. Atvinnudeildarinnar og félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Það er þó einkennandi hvað þær umsagnir snertir, að þær mæla með samþykkt frv. án þess að gera tilraun til að rökstyðja tillögur sínar að neinu leyti. Atvinnudeildin skrifar ýtarlegt erindi um málið, sem er samið af Árna Friðrikssyni fiskifræðing. Sýnir hann þar fram á það fyrst, að sú staðreynd, að margir af fiskistofnunum í hafinu hér við land hafi rýrnað á því sem af er þessarar aldar. Þessu næst á þær ráðstafanir, er fiskifræðingar almennt álíta, að gera þurfi bæði hér og annars staðar til þess að koma í veg fyrir, að of mikill veiðiskapur eyðileggi stofninn um of. Er þar m. a. minnt á lögboðna lágmarks möskvastærð bæði botnvörpu og dragnóta, en með því slíkt nái aðeins takmörkuðum árangri hafi líka verið gerðar athuganir á því að friða ákveðin svæði, sem eru þýðingarmikil fyrir uppvöxt ungvíðis. Telur hann Faxaflóa vera eitt slíkra svæða. Slík friðun komi samt sem áður ekki að gagni nema með alþjóðasamþykktum, því að tilgangurinn náist ekki, þótt einni þjóð sé bannað að veiða á slíku svæði, ef slíkt bann nær ekki jafnt til allra þjóða.

Fiskifræðingurinn bendir á það, að hann hafi í septembermánuði 1939, rétt eftir að ófriðurinn var á skollinn, gert tillögu um það til ríkisstjórnarinnar, að Faxaflói yrði friðaður, þ. e. fyrir botnvörpu- og dragnótaveiði Íslendinga til ófriðarloka, í þeirri von, að sú friðun fengist framlengd að stríðinu loknu líka að því er aðrar þjóðir snertir. Einnig hafi hann lagt til, að samkomulags yrði leitað við aðrar þjóðir, þær sem hér koma til greina, að virða þessa friðun. Að þessu ráði hafi þó eigi verið horfið. Telur hann, að aðstaða Íslendinga til þess að fá framgengt allsherjar friðun hefði nú verið önnur og betri, ef þessu ráði hefði verið hlítt. Hins vegar sé viðhorfið nú gerbreytt. Fiskveiðaðþjóðir álfunnar og þá einkum Bretar búi sig nú af kappi til veiða í Norðurhöfum, og á meðan samþykki þeirra til að friða flóann fæst ekki, sé ekki við árangri að búast, jafnvel þótt Íslendingar neiti sér um það sjálfir að veiða þar með dragnót og botnvörpu.

Þá bendir fiskifræðingurinn á það, að á árunum 1927—1937 hafi Íslendingar aðeins átt rúmlega fjórða hvern togara, sem var að veiðum í Faxaflóa, en á árinu 1938 hafi aðeins niundi hver togari verið íslenzkur.

Býst hann við, að í sama horf sæki áður en langt um líður. Hljóti því niðurstaðan að verða sú, að sá hagnaður, sem næðist nú og í framtíðinni með því að banna ísl. skipum veiði með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa, mundi langt frá því vega upp það tjón, sem ísl. útgerð yrði fyrir með því að missa af veiðum á þessu svæði.

Hins verði að vænta, að aðrar þjóðir skilji, að Íslendingar geti ekki einir tekið á sig þær byrðar, sem allir þurfa að bera, ef markinu skal náð.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda telur sig ætíð hafa verið fylgjandi friðun Faxaflóa á þeim grundvelli, sem þar til kjörnir sérfróðir menn hafa að unnið á undanförunum árum. Hið mikla starf Árna Friðrikssonar í þessu efni í samráði við ríkisstjórnir Íslands telur félagið að muni áður en langt um líður geta leitt til þess, að erlendar þjóðir fallist á og viðurkenni friðun Faxaflóa á þeim grundvelli, sem þar hefur verið lagður.

Mælist félagið til þess, að sjávarútvegsnefndin styðjist í öllum meginatriðum við tillögur og greinargerðir Árna Friðrikssonar fiskifræðings, þegar málið komi fyrir Alþingi.

Sjávarútvegsnefndin hefur kynnt sér þau sjónarmið, sem fram hafa komið í þessu máli, frá ýmsum hliðum. Hún er hlynnt því, að friðun Faxaflóa fyrir veiðum allra þjóða, að því er dragnóta- og botnvörpuveiði snertir, verði sem fyrst að veruleika og leyfir sér að vænta þess, að ríkisstjórnin láti vinna að því, að allir aðilar, sem

til greina koma, erlendir og innlendir, verði ásáttir um allsherjarfriðun. Telur nefndin, að sú leið, sem farin hefur verið í þessu máli og Árni Friðriksson fiskifræðingur hefur ótullega barizt fyrir, muni líklegust málinu til framdráttar. Hitt telur nefndin mjög vafasamt til farsællegrar lausnar, að lögbanna Íslendingum einum þessa veiði, meðan aðrar þjóðir mega nota hana að vild. Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Nefndin telur ekki fært að lögbanna landsmönnum veiði með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa, fyrir en slíkt bann nær einnig til útlendinga, og í trausti þess að ríkisstjórnin vinni að því að koma á slíkri allsherjarfriðun flóans tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1945.

Sigurður Kristjánsson,
form.

Jóhann Þ. Jósefsson,
frsm.

Ásgeir Ásgeirsson.

Einar Olgeirsson.

Eysteinn Jónsson.

Nd.

365. Frumvarp til laga

um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins isl. lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton Woods í Bandaríkjunum.

2. gr.

Ráðherra sá, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, skipar einn mann og annan til vara til 5 ára til að taka sæti í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og sömuleiðis einn mann og varamann til sama tíma í bankaráð alþjóðabankans.

Þóknun fyrir störf þeirra skal ákveðin af ráðherra.

3. gr.

Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að tveim milljónum dollara.

4. gr.

Óheimilt er hönkum landsins, sparisjóðum, bæjar- og sveitarfélögum og opinberum stofnunum að taka lán erlendis, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, sbr. þó 1. gr. laga nr. 10/1928, um Landsbanka Íslands.

5. gr.

Skylt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

6. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 50 frá 27. júní 1941, um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundin atkvæði. Þátttaka í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka hefur verið samþykkt á þingi Bandaríkjanna og verður fyrirsjáanlega samþykkt í enska Parliamentinu nú þessa dagana. Skýrsla nefndar þeirrar, sem sat fundinn í Bretton Woods, er prentuð hér með sem fylgiskjal, en vélrituðum útdrætti úr samþykktum fundarins um gjaldeyrissjóðinn og alþjóðabankann hefur áður verið útdelt meðal þingmanna. Af þeim 2 milljónum dollara, sem ríkisstjórnin þarf að hafa heimild til að taka að láni, þarf ekki að greiða í gulli eða dollurum nema sem svarar ísl. kr. 1 756 350.00 og á ríkissjóður ekki að þurfa að greiða vexti af hærri upphæð vegna þátttökunnar. Kr. 6 049 650.00 þurfa að vera handbærar í íslenskum bönkum, en sem svarar 800 000.00 dollurum til alþjóðabankans er eingöngu ríkisábyrgð á skuldbindingum bankans. 4. og 5. gr. eru teknar orðrétt upp úr lögum nr. 50 1941, sem felld eru úr gildi að öðru leyti.

Fylgiskjal.

Skýrsla um fjármálafundinn í Bretton Woods New Hampshire, U. S. A.

Stjórn Bandaríkjanna stofnaði til fundarins og bauð til hans fulltrúum frá ríkisstjórnnum allra Sameinaðra þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations). Fundinn sóttu sendinefndir frá 44 þjóðum, og voru sumar þeirra allfjöldmennar. Við sendum hér með lista yfir þá, sem fundinn sóttu. Fundurinn hófst á tilsettum tíma, 1. júlí s. l., og stóð til 22. s. m.

Fyrir fundinn voru lögð tvö frumvörp, annað um samþykktir fyrir Gjaldreyrisjóð og hitt um samþykktir fyrir Alþjóðabanka. Voru tillögur þær rækilega undirbúnar, og er forsaga málsins þessi:

Snemma á árinu 1943 birti Bandaríkjastjórn tillögur um Gjaldreyrisjóð, sem kenndar eru við Harry D. White, aðalhöfund þeirra. Um líkt leyti birti Bretastjórn tillögur um Gjaldreyrisjöfnunarsjóð, sem kenndar eru við Lord Keynes. Þá gerðu og Canadastjórn og franskir fjármálamenn tillögur um gjaldreyrismál eftir stríð. Síðan voru haldnir nokkrir fundir um málið fyrir forgöngu Bandaríkjastjórnar, og mættu á þeim fundum fulltrúar margra ríkisstjórna og sérfræðingar, sem boðin hafði verið þátttaka í undirbúningi málsins. Lauk þeim samningum með því, að samkomulag varð um þær tillögur, sem lagðar voru fyrir fundinn í Bretton Woods.

Fundarstörfum í Bretton Woods var þannig hagað, að fyrst var skipt í þrjár nefndir, og skyldi sú fyrsta fjalla um Gjaldreyrisjóðinn, önnur um Alþjóðabankann og hin þriðja um önnur mál, sem fram kynnu að vera borin. Var þeim svo aftur skipt upp í undirnefndir, og enn voru jafnan settar sérstakar nefndir, þegar jafna þurfti ágreining. Fundarstörfín fóru að mestu fram í nefndunum, og tókst yfirleitt vel að jafna ágreining, svo að sjaldan kom til nafnakalls á hinum sameinuðu fundum. Hinum upphaflegu frumvörpum var að vísu breytt allmjög að ytra útliti, en um aðalefni og tilgang voru hinar upphaflegu tillögur samþykktar af öllum fulltrúum að lokum, og er vart ástæða til að tilgreina hina fáu fyrirvara, sem fram komu í fundarlok. Var það brýnt fyrir fulltrúum í fundarbyrjun, að ef úr alþjóðasamstarfi um fjármál ætti að verða, þá þyrftu þeir að taka á málunum sem samstarfsmenn,

en ekki sem keppinautar, og gekk það eftir. Á fundinum var ríkjandi eindreginu áhugi fyrir því að ná góðum árangri um svo mikilvæg viðfangsefni.

Enginn fulltrúanna á fundinum hafði umboð til að binda þing eða stjórn síns lands, enda var ekki til þess ætlað. Fundurinn var ráðgefandi, og verða nú samþykktir hans lagðar fyrir þing og ríkisstjórnir viðkomandi landa til samþykkis eða synjunar. Er til þess ætlað, að svör viðvikjandi þátttöku verði komin til Bandaríkjastjórnar fyrir árslok 1945. Var það á flestum fulltrúum að heyra, að þeir byggjast við, að þeirra þjóðir myndu samþykkja þátttöku í Gjaldeyrissjóði og Alþjóðabanka, ef hinar stærstu þjóðir rynnu á vaðið, en án þeirra verður tilganginum ekki náð. Verður nokkur bið á því, að Bandaríkin taki sína ákvörðun, því að málið verður ekki lagt fyrir þingið fyrr en að afstöðnum forseta- og þingkosningum í nóvember.

Grundvallartilgangur Gjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans er að efla alþjóðaviðskipti, stuðla að aukinni framleiðslu og koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir stríð og beita til þess þeim aðferðum, sem alþjóðasamvinna í fjármálum hefur yfir að ráða. Það er nú svo komið, að engir kjósa að endurreisa það ástand, sem var í alþjóðaviðskiptum fyrir stríð, og fæstir treysta því, að betri tímar séu framundan, nema gripið sé til nýrra ráða.

Í lok fyrra stríðsins reyndu flestar þjóðir að hækka gjaldeyri sinn og koma á gullinnlausn, en afleiðingin var erfið afkoma, sem síðan var reynt að bjarga með nýjum gengistrey stingum, verndartollum, innflutnings- og gjaldeyrishöftum og vöruskiptasamningum, þar til skollin var á almenn einangrun með tilheyrandi atvinnuleysi og almennum skorti. Það var ríkjandi viðskiptaófriður, sem átti sinn þátt í, að stríðið skall á. Það voru haldnir margir alþjóðafundir með litlum árangri. Engin alþjóðastofnun var til, sem hafði yfir verulegu fjármagni að ráða og gæti verið leiðbeinandi og ráðgefandi um nýja viðskiptastefnu.

Í lok þess stríðs, sem nú stendur yfir, verða margar þjóðir aðframkomnar og ófærar til að taka þátt í alþjóðaviðskiptum, nema eitthvað sé að gert til að koma þeim á legg. Það treysta fáir lengur á hinar eldri aðferðir einangrunarstefnunnar til að skapa nýja velgengni. Gullfóturinn í sinni gömlu mynd verður óvíska endurreistur og þá ekki fyrr en seint og síðar meir, svo að ekki er þaðan að vænta neinnar festu í alþjóðaviðskiptum. Og þá yrði einangrun atvinnulífsins eina úrræði margra þjóða, sem ekki ættu annars kost, ef ekkert er að gert til að koma á alþjóðasamstarfi í fjármálum til eflingar framleiðslu og atvinnu. Þær tillögur, sem fyrir fundinum lágu og afgreiddar voru sem samþykktir um stofnun Gjaldeyrissjóðs og Alþjóðabanka, miða að því að skapa nýja stefnu í alþjóðaviðskiptum og gera þeim þjóðum, sem taka þátt í þessu samstarfi, mögulegt að hverfa frá einangrunarstefnunni og frá þeim höftum og ráðstöfunum, sem skaðlegar eru fyrir atvinnu, framleiðslu og alþjóðaviðskipti. Hinar sameinuðu þjóðir og samstarfsþjóðir þeirra hafa nú í ófriðnum vanizt samstarfi í hernaðartilgangi og vilja nú, þegar vopnahlé nálgast, gera ráðstafanir til, að samstarfið geti haldizt, í þeim tilgangi að skapa almenna velmegun og hagsæld á friðartímum. Það heyrir nú oft, að ekki megi það spyrjast, að nægileg atvinna og hámarksframleiðsla sé aðeins framkvæmanleg, þegar heimurinn logar í ófriði. Það skipulag hlýtur að vera hugsanlegt og framkvæmanlegt í alþjóðaviðskiptum og fjármálum, sem tryggir þeim þjóðum, sem haga málum sínum skynsamlega heima fyrir, nægileg viðskipti við aðrar þjóðir til að skapa góða afkomu, ef ekki vantar samhug og samstarfsvilja. Það má gera ráð fyrir, að höfuðviðfangsefni allra þjóða verði að tryggja atvinnu- og guleika, framleiðslu og neyðlu þegnanna, en þá má ekki vanta það alþjóðasamstarf og stofnanir, sem geri það mögulegt að ná því marki. Það eru fáar þjóðir, ef nokkur, sjálfum sér nógar í atvinnu- og viðskiptamálum. Þetta var sjónarmið fundarins í Bretton Woods, enda brýndi forseti Bandaríkjanna fyrir fundarmönnum í boðskap sínum, að viðfangsefni fundarins varðaði velferð hvers einasta manns og konu á komandi friðartímum.

Á fundinum varð lítið vart nokkurrar andstöðu við þessi sjónarmið að öðru leyti en því, að einstaka fundarmaður lét í ljós nokkra vantrú á, að fullum árangri yrði náð. Út í frá, í greinum blaða og tímarita, bar þó nokkuð á fjandskap við stofnun sjóðsins og bankans, og virtust þær raddir mest eiga rót sína að rekja til einkabanka, sem ekki kæra sig um, að ríkið fari inn á þeirra starfssvið, og til stjórnámálanna, sem eru í andstöðu við núverandi Bandaríkjastjórn, enda stóðu kosningar fyrir dyrum. Ekkert bergmál fengu þær raddir á fundinum. Var það einróma álit, að einstaklingsfyrirtæki gætu ekki ein út af fyrir sig tryggt hjarta framtíð án aðstoðar og forystu ríkisstjórna og alþjóðastofnana.

Það vantaði ekki í blöðum hrakspár um árangur fundarins, enda sýndi það sig, að ýmis atriði voru ágreiningsmál. Þó náðist samkomulag eða málamiðlun í svo að kalla öllum greinum. Afgreitt var, eins og áður er sagt, með öllum greiddum atkvæðum frumvarp um samþykktir fyrir Gjaldeyrissjóð og Alþjóðabanka.

Gjaldeyrissjóðnum er ætlað að vinna að því að efla millirikjavíðskipti og tryggja gjaldaura hinna einstöku þjóða og þá jafnframt atvinnulíf og launakjör. Er ætlað til að ná því marki með því að kaupa gjaldeyri, sem lítil eftirspurn er eftir, í þeim tilgangi að koma á viðskiptum og forðast gengislækkunir í samkeppnis-skyni.

Alþjóðabankanum er ætlað að veita lán og ábyrgðir til lengri tíma til endur-reisnar og uppbyggingar atvinnulífsins og koma í veg fyrir, að einstakar þjóðir þurfi að sæta okurkjörum á alþjóðapeningamarkaði.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi útdráttis úr samþykktum sjóðsins og bankans. Einnig sendum við hér með samþykktir fundarins á ensku, og erum við reiðubúnir að gefa nánari skýringar á starfsreglum þessara alþjóðastofnana, ef hæstv. ríkisstjórn eða þingnefndir óska.

Þó eru nokkur atriði, sem öll voru ágreiningsatriði á fundinum, sem við viljum geta nánar.

Hvorki sjóðnum né bankanum er ætlað að veita styrki eða gjafir, heldur er þeim ætlað að ná tilgangi sínum með því að veita lán og ábyrgðir eða með því að kaupa gjaldeyri þeirra þjóða, sem eiga erfitt um greiðslur um stundarsakir. Til þess að annast þessi viðfangsefni, er sjóðnum áætlaðir 8,8 milljarðar dollara stofnfé og bankanum 9,1 milljarðar. Er gert ráð fyrir, að stofnfé sjóðsins og bankans hvors um sig megi hækka upp í 10 milljarða dollara, þegar fleiri þjóðir bætast við, að stríðinu loknu. Auk þess geta einstakar þjóðir lánað sjóðnum og bankanum aukíð starfsfé, ef þær telja sér eða alþjóðavíðskiptum hag að því. Er hér um stórfellt fjármagn að ræða, og olli það ekki ágreiningi. En hitt tók langan tíma og mikla samninga, að jafna fjárframlögunum niður á hinar einstöku þjóðir.

Um framlög til sjóðsins er það að segja, að þar vildu flestar þjóðir hafa sem hæsta þátttökuhluti (quota), og var það bæði vegna þeirra réttinda til gjaldeyris-kaupa, sem það veitir, og einnig vegna atkvæðisréttar við stjórnarkosningar. Var fyrst reynt að koma sér saman um meginreglur, sem hægt væri að jafna framlög-um niður eftir. Höfðu Bandaríkjafulltrúar stungið upp á því, að lögð væru fram

- a. 2% af þjóðartekjunum 1939;
- b. 5% af gullforða og gullgildri gjaldeyriseign 1. jan. 1944;
- c. 10% af meðalinnflutningi árána 1934—38, að báðum árum meðtöldum;
- d. 19% af mesta mismun á útflutningi árána 1934—38.

Það kom þegar í ljós, að miklir erfiðleikar væru á því að beita einni megin-reglu, bæði vegna mismunandi aðstöðu einstakra þjóða fyrir stríð og eins væntan-lega í stríðslok. Var nú gengið til samninga við hverja einstaka þjóð, og þó höfð hliðsjón af framangreindum reglum. Náðist að lokum samkomulag við fulltrúa flestra þjóða, en þeir fulltrúar, sem gert höfðu ágreining, tóku hann aftur í fundar-lök. Eru þátttökuhlutirnir, eins og aðrar samþykktir, án skuldbindingar, en þó er til þess ætlað, að engin þjóð, sem samþykkir þátttöku, fái lækkun á sínu tillagi.

Við Íslendingar töldum okkur rétt að reyna að semja um sem lægstan þátttökuhlut. Við erum nú ein þeirra fáu þjóða, sem ekki þurfa lántöku erlendis og eru frekar aflögufærar. Allar hinar stærri „credit“-þjóðir töldu ekki eftir sér hátt framlag. En það er hvort tveggja, að við munum þurfa allra okkar muna með og eins mundi lítið hafa munað um okkar framlag samanborið við stofnféð allt, þótt það hefði verið áætlað eftir okkar ýtrustu getu. Ef miðað hefði verið við framangreindar reglur, hefði okkar þátttökuframlag til sjóðsins numið ca. 3,5 milljónum dollara. En niðurstaðan varð sú, að áætla Íslendingum 1 milljón dollara, og var þá tekið tillit til þess, að okkar núverandi gjaldeyrisforði getur ekki talizt réttmætur grundvöllur til að byggja framlagið á. Þar fyrir gæti síðar fengizt hækkun á þátttökuframlaginu, ef það teldist æskilegt.

Um hlutafé bankans var ætlazt til, að það yrði áþekkt frá hverri þjóð og framlagið til sjóðsins. Í því efni leituðust ýmsir við að fá lækkun, þar sem hlutafjárframlagið hefur engin áhrif á lántökuréttinn. Þótti okkur ekki fært að gera slíka kröfu, þar sem okkar framlag til sjóðsins hafði verið áætlað mjög hóflega. Við sendum hér með skrár um þátttökuhluti einstakra þjóða í sjóðnum og hlutafé þeirra í bankanum.

Eins og sést á samþykktum sjóðsins og bankans, ber að greiða tiltekinn hluta af framlögunum í gulli eða gullgildum gjaldeyri, en þar mun nú eingöngu vera um Bandaríkjadollara að ræða. Til sjóðsins mundi okkur bera að greiða 250 000 dollara (ísl. kr. 1 626 250.00) í gulli eða gullgildum gjaldeyri, en 750 000 dollara virði í eigin gjaldeyri (ísl. kr. 4 878 750.00), með innborgun á reikning sjóðsins við ríkisbankann. Til bankans ber okkur að greiða 20 000 dollara (ísl. kr. 130 100.00) í gullgildum gjaldeyri, en 180 000 dollara virði í eigin gjaldeyri (ísl. kr. 1 170 900.00) á næsta hálfu öðru ári frá stofnun bankans. Eftirstöðvarnar, 800 000 dollara (ísl. kr. 5 204 000.00) má bankinn innheimta eftir nánari reglum, ef hann nauðsynlega þarf á auknu rekstrarfé að halda.

Með þessu er þó ekki ákveðið, að gullfóturinn verði endurreistur eins og hann áður tíðkaðist. Til þess að hann væri í gildi, þyrftu þjóðirnar að taka aftur upp gullinnlausn, en um það er ekki að ræða. Til þess er ætlazt, að gullið haldi áfram að vera gjaldmiðill milli einstakra þjóða og milli sjóðsins og bankans og þeirra þjóða, sem þar eru félagar. Gildi hinna einstöku gjaldaura skal einnig miðast við gull, en ekki tekin upp ný alþjóðamynt, eins og áður hafði verið stungið upp á. Tengslin milli gulls og gjaldaura eru því ekki slitin, en afnumin er sú harðstjórn, sem gullið áður hafði, enda er það höfuðtilgangur þessara alþjóðastofnana að koma á viðskiptum og hindra gengisbreytingar, þótt bæði skorti vörur og gull til greiðslna um stundarsakir. Um notkun gullsins hafði verið húizt við miklum átökum á fundinum, en svo varð þó ekki, enda eru Bandaríkin gullauðugust allra þjóða og bæði Rússland og brezka heimsveldið mestu gullframleiðslulönd heimsins. Kallaði Lord Keynes þetta skipulag „þingbundna konungsstjórn gullsins“.

Þá skal einnig á það bent, að þær reglur, sem settar eru um gengisskráningu og gjaldeyrishöft, eru teygjanlegar og miðaðar við það að koma í veg fyrir, að gengisskráningu sé heitt til óheilbrigðrar samkeppni og að höftum sé haldið til langframa til tjóns fyrir alþjóðaviðskipti, framleiðslu og atvinnu. Um gengisbreytingar og höft er skylt að hafa samráð við stjórn Gjaldeyrissjóðsins. Hver þjóð hefur þar fyrir óskorað úrslitavald til að ráða stefnu sinni í þessum efnum, þó að ágreiningur geti leitt til þess, að einstakar þjóðir gangi úr þessum alþjóðafélagsskap.

Fulltrúar Bandaríkjanna og Englands töldu, að nokkur átök myndu verða um það í Congressinum og Parlamentinu, hvort stofnað skyldi til þessarar alþjóðasamvinnu í fjármálum og viðskiptamálum, en fulltrúar hinna minni þjóða töldu öruggt, að þeirra þjóðir myndu taka þátt í framkvæmdum samþykktanna, ef til kæmi. Við gerum fyrir okkar leyti sömu tillögu. Þótt við mäske ekki verðum fjárþurfa á næstunni, þá getur þátttaka í sjóðnum og bankanum greitt fyrir útflutningi til landa, sem annars væru útilokuð frá viðskiptum við okkur. Það er og trygg-

ing fyrir framtíðina að vera í slíkum alþjóðafélagsskap, og væri máské of seint að afla hennar, þegar á henni þarf að halda. Með þátttöku í þessu samstarfi eigum við kost á að fylgjast með alþjóðamálum, sem okkur varðar og ráðgast við áhrifamenn um viðskipta- og fjármál. Tilkostnaðurinn er ekki mikill. Framlög okkar eru eign en ekki gjafafé, og að óreyndu ástæðulaust að ætla, að sjóðnum og bankanum verði svo gálauslega stjórnað, að framlög skerðist verulega.

Við Íslendingar erum máské sú þjóð, sem sízt getur einangrað sig frá öðrum þjóðum í viðskiptum og fjármálum, og er a. m. k. nauðsyn að gefa fyrir því glöggar ástæður og skýr rök, ef við synjum um þátttöku.

Enda þótt gera megi ráð fyrir, að frekari aðgerðir í sambandi við samþykktir fundarins bíði þar til þing Bandaríkjanna og Breta hafa tekið afstöðu til þeirra, teljum við rétt, að lagt verði til við Alþingi það, sem nú situr, að það veiti ríkisstjórninni heimild til að ákveða, hvenær sem tími þykir til kominn, að Ísland verði þátttakandi í þessum tveim stofnunum.

Reykjavík, 29. sept. 1944.

Magnús Sigurðsson, Ásg. Ásgeirsson. Svanbjörn Frímansson.
form.

Sþ. 366. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

- | | |
|---|-----------|
| I. Frá <i>Áka Jakobssyni</i> . Við 13. gr. C. IX. 5. (Hafnarmannvirki — Siglufjörður). Fyrir „100 000“ kemur | 200 000 |
| II. Frá <i>Gunnari Thoroddsen</i> . Við 14. gr. A. VIII. Nýr liður: Til Hellnakirkju, byggingarstyrkur | 14 000 |
| III. Frá <i>Bernharð Stefánssyni, Kristni Andréssyni og Sigurði E. Hlíðar</i> . Við 14. gr. B. XIV. 7. (Fyrirv. barnakennarar). a. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „13 000“ kemur | 14 000 |
| b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „22 750“ kemur | 24 500 |
| IV. Frá <i>Bjarna Benediktssyni</i> . Við 14. gr. B. XVII. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „700 000“ kemur | 1 000 000 |
| V. Frá <i>Gunnari Thoroddsen, Gunnari Benediktssyni, Sigurði Bjarnasyni og Kristni Andréssyni</i> . Við 15. gr. A. VIII. Síðari málsg. aths. orðist svo: Að öðru leyti skal fjárhæð þessari skipt af 5 manna nefnd, sem skal þannig skipuð, að einn nefndarmanna sé tilnefndur af menntamálaráði og einn af hverju þessara féлага: Félagi ísl. leikara, félagi ísl. tónlistarmanna, félagi ísl. myndlistarmanna og Rithöfundafélagi Íslands. | |
| VI. <i>Gunnari Thoroddsen og Magnúsi Jónssyni</i> . Við 15. gr. A. XI. 1. (Tónlistarskólinn í Reykjavík). 1. Við a. Grunnstyrkur). Fyrir „10 000“ kemur | 15 000 |

| | |
|--|----------|
| 2. Við b. (Verðlagsuppbót). | |
| Fyrir „17 500“ kemur | 26 250 |
| VII. Frá <i>samgöngumálaráðherra</i> . | |
| Við 15. gr. B. V. (Landmælingar). | |
| Fyrir „10 000“ kemur | 75 000 |
| VIII. Frá <i>Gunnari Thoroddsen</i> . | |
| Við 17. gr. 5. Liðinn skal orða svo: | |
| Til styrktar- og sjúkrasjóða samkvæmt útlutun félags- málaráðuneytisins | 15 600 |
| (Þar af 600 kr. endurveiting ógreidds styrks 1942 og 1943 til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur). | |
| IX. Frá <i>félags- og dómsmálaráðherra</i> . | |
| Við 17. gr. 13. Nýr liður: | |
| Til umferðarslysavarna | 50 000 |
| X. Frá <i>kirkjumálaráðherra</i> . | |
| Við 18. gr. II. c. 8. Nýr liður: | |
| Friðrik Hallgrímsson, fyrrv. dómprófastur | 7 126.83 |
| XI. Frá <i>Kristni Andrésyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni</i> . | |
| Við 18. gr. II. e. 2. | |
| Áslaug Thorlacius | 2 000.00 |
| Til vara | 1 500.00 |
| XII. Frá <i>Gunnari Thoroddsen</i> . | |
| Við 18. gr. II. e. 12. Nýr liður: | |
| Magdalena Ásgeirsdóttir, ekkja Bergsveins Haraldssonar kennara, kr. 200.00 og kr. 850.00 með hverju barni þeirra innan 16 ára | 3 600.00 |
| Til vara: kr. 200.00 og kr. 350.00 með hverju barni þeirra innan 16 ára | 1 600.00 |
| XIII. Frá <i>Bjarna Ásgeirssyni</i> . | |
| Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður: | |
| Þorleifur Erlendsson | 1 000.00 |
| Til vara | 600.00 |
| XIV. Frá <i>Gunnari Thoroddsen og Þorsteini Þorsteinssyni</i> . | |
| Við 18. gr. II. z. Liðurinn færast fram fyrir y og orðist svo: | |
| Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans | 3 870 |
| XV. Frá <i>félags- og dómsmálaráðherra</i> . | |
| Við 22. gr. VIII. Nýr liður: | |
| Að greiða Guðmundi Guðmundssyni, fyrrv. héraðslækni, viðbótar- eftirlaun, svo að eftirlaun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi sam- tals $\frac{2}{3}$ héraðslæknislauna 3. fl. | |
| XVI. Frá <i>Jóhanni Jósefssyni, Einari Olgeirssyni, Gunnari Thoroddsen, Ásgeiri Ásgeirssyni og Ásmundi Sigurðssyni</i> . | |
| Við 22. gr. IX. Nýr liður: | |
| Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 8 millj. króna lán til sveitar- og bæjarfélaga vegna kaupa á atvinnutækjum. | |
| XVII. Frá <i>Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni og Sigurði Thoroddsen</i> . | |
| Við 22. gr. X. Nýr liður: | |
| Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með hönd- um landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Vestfjörðum. | |
| XVIII. Frá <i>félags- og dómsmálaráðherra</i> . | |
| Við 22. gr. XII. Nýr liður: | |
| Að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þess að reisa embættis- bústaði fyrir héraðsdómara. | |

- XIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni*.
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að greiða kostnað við að láta steypa í málm myndastyttu þá af Hirti Snorrasyni, er Ríkarður Jónsson hefur gert, og reisa styttna á Hvanneyri, eins og ákveðið hefur verið.
- XX. Frá *Ingólfi Jónssyni, Jóhanni Jósefssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Helga Jónassyni, Sigurði Thoroddsen og Gunnari Benediktssyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að verja allt að 1 800 000.00 kr. til háspennulínu og héraðsveitu frá Selfossi til Þykkvabæjar og Hellu á Rangárvöllum.
- XXI. Frá *félags- og dómsmálaráðherra*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga rekstrarlán allt að 300 000 kr., gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
- XXII. Frá *Páli Hermannssyni og Bernharð Stefánssyni*.
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði halla þann, er verða kann á rekstri húsmæðra-skólanna árið 1945.

Sb.

367. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði álits farmanna- og fiskimannasambands Íslands og fiskiþingsins um þessa till., áður en afstaða var til hennar tekin. Í svari sínu 5. des. vísar fiskiþingið til þess, að það hafi áður en till. barst því gert ályktun, er svo hljóði:

„Fiskiþingið felur stjórn Fiskifélagsins að hlutast til um það, að reiknað sé út, svo fljótt sem verða má, hve mikið verðlag og framleiðslukostnaður hinna ýmsu sjávarafurða hafi breytzt síðan á árinu 1939.

Telur fiskiþingið sjálfsgagt, að hafðir séu til hliðsjónar við þessa útreikninga reikningar frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, er starfar á vegum Fiskifélagsins.“

Fiskiþingið lætur það álit sitt í ljós, að samþykkt þáttill. þeirrar, er hér ræðir um, muni geta flýtt fyrir þeirri rannsókn á kostnaði við útgerðina, sem það einnig leggur til, að gerð verði, og mælir með samþykkt hennar.

Farmanna- og fiskimannasambandið mælir einnig í bréfi sínu dags. 3. des. með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd fellst einnig á, að tillagan nái samþykki Alþingis, en vill leggja áherzlu á það, að sú rannsókn, sem til er stofnað, sé felld saman við þá, er fiskiþingið samþykkti, að fram fari á vegum Fiskifélagsins, og telur nefndin því, að rétt sé, að þeir reikningar séu þar hafðir til hliðsjónar, sem um ræðir í ályktun fiskiþingsins, þ. e. þeir, sem reikningaskrifstofa sjávarútvegsins, er starfar á vegum Fiskifélagsins, kann að hafa með höndum. Allsherjarnefnd litur enn fremur svo á, að rannsóknin geti og eigi að fara fram á vegum Fiskifélagsins, þar sem það hefur aðstöðu til að afla gagna þeirra, er við þarf, bæði frá reikningaskrifstofunni og frá deildum sínum víðs vegar um land.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að þáttill. sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir orðunum „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni“ í upphafi tillögugreinarinnar komi: í samráði við Fiskifélag Íslands.

Alþingi, 18. des. 1945.

| | | |
|--------------------------------------|--|-------------------|
| Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. | Sigurður Þórðarson, fundaskrifari. | Ingólfur Jónsson. |
| Páll Zóphóníasson. | Sigurður Thoroddsen. Barði Guðmundsson. | Jón Sigurðsson. |

Sp. 368. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1945, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi.

Sp. 369. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

| | |
|--|---------|
| I. Frá <i>Eysteini Jónssyni og Ingvari Pálmasynt.</i> | |
| 1. Við 13. gr. A. II. a. 74. (Skógavegur). | |
| a. Fyrir „10 000“ kemur | 30 000 |
| b. Nýr liður: | |
| Fagradalsbraut (endurbygging) | 100 000 |
| 2. Við 13. gr. A. II. a. 79. (Berunesvegur). | |
| Fyrir „15 000“ kemur | 25 000 |
| II. Frá <i>Gunnari Thoroddsen, Kristni Andréssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni og Eysteini Jónssyni.</i> | |
| Við 15. gr. A. VII. Nýr liður: | |
| Til Stefáns Einarssonar prófessors, fyrir samningu kennslubókar í íslensku á enska tungu | 10 000 |
| Til vara | 7 000 |
| III. Frá <i>Gunnari Thoroddsen.</i> | |
| Við 16. gr. A. 21. Nýr liður: | |
| Til skrudgarðs kvenfélagsins í Stykkishólmi | 1 000 |
| IV. Frá <i>Þorsteini Þorsteinssyni.</i> | |
| Við 18. gr. II. a. 10. (Guðmundur Sveinbjörnsson). | |
| Fyrir „10 180“ kemur | 7 500 |
| V. Frá <i>Jóni Sigurðssyni, Bjarna Ásgeirssyni og Pétri Ottesen.</i> | |
| Við 22. gr. XIX. Nýr liður: | |
| Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1946. | |

Sþ. 370. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá Ólafi Thors.

| | |
|--|--------|
| Við 13. gr. A. XI. Nýr rómv. liður: Til vegalagningar á landi rikissjóðs í Kópavogi | 50 000 |
| <i>Brtt. 363, IX. er jafnframt tekin aftur.</i> | |

Nd. 371. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

| | |
|--|--------|
| I. Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> . Við 15. gr. A. X. 7. (Leikfélag Vestmannaeyja). Fyrir „1 500“ kemur | 3 000 |
| II. Frá <i>Jóhanni Jósefssyni</i> og <i>Einari Olgeirssyni</i> . Við 16. gr. C. 5. Nýr liður: Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð, stofn- og rekstrarstyrkur | 40 000 |
| <i>Til vara</i> | 30 000 |

Sþ. 372. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá fjármálaráðherra.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, um allt að 30%, eftir jöfnum hlutföllum, að því er við verður komið, svo framarlega sem ríkisstjórnin telur, að vinnuafli dragist um of frá framleiðslustörfum. Telji stjórnin hins vegar, að ekki sé ástæða til að draga úr framkvæmdum, skal henni heimilt að taka innanlands lán, allt að 15 millj. kr., ef tekjur rikissjóðs hrökkva ekki fyrir gjöldum.

Sþ. 373. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1946.

Frá Eysteini Jónssyni, Páli Þorsteinssyni, Lárusi Jóhannessyni, Ingvari Pálmasyri, Ásmundi Sigurðssyni, Páli Hermannssyni, Páli Zóphóníassyni.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar varðskips, er hafi með höndum landhelgisgæzlu og björgunarstörf fyrir Austfjörðum.

Sp.

374. Varatillaga

við brtt. 362, XLI. (Fjárlög).

Frá Áka Jakobssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að ábyrgjast vegna sildarverksmiðju Siglufjarðar, Rauðku, 1,3 millj. kr. lán til þess að greiða áfallinn byggingarkostnað og vegna stækkunar verksmiðjunnar upp í 10 þús. mála afköst fyrir næstu sildarvertíð, gegn þeim tryggingum, er ráðherra metur gildar.

Ed.

375. Lög

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélag fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Ed 19. des.)

Samhljóða þskj. 210.

Nd.

276. Lög

um tekjuskattsviðauka árið 1946.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 144.

Sp.

377. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Eyrarbakka- og Stokkseyrarhrepp og Sandvíkurhrepp.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson, Gunnar Benediktsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 550 þús. krónur, sem Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppur tekur, lán að upphæð allt að 480 þús. krónur, sem Stokkseyrarhreppur tekur, og lán að upphæð allt að 500 þús. krónur, sem Sandvíkurhreppur tekur, hver hreppur um sig til að standa kostnað af innanhreppsrafveitu sinni, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði hversrar veitu.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 52 1945, um byggingu nokkurra raforkuveitna, til að koma upp rafveitu, aðalorkuveitu, frá orkuverinu við Sog til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og kostar ríkið aðalorkuveituna, en hverjum hreppi er ætlað að standa kostnað af innanhreppsveitu. Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánunum, er Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppur og Sandvíkurhreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er sú ábyrgð hlíðstæð þeim ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir tilsvarendi kostnaði hjá öðrum sveitarfélögum, svo sem t. d. Keflavíkurhreppi og Njarðvíkurhreppi á Reykjanesi.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við áætlanir Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppum.

Rafmagnseftirlit ríkisins mun nú vera að endurskoða áætlun um veitu frá Selfossi um Ölfushrepp til Hveragerðis. Að fenginni þeirri áætlun mun ríkisstjórnin væntanlega þegar taka ákvarðanir um það, hvort nota skuli heimild þá, er veitt var með lögum nr. 52 1945, og leggja einnig þá veitu. Mun þá verða farið fram á, að Alþingi veiti einnig heimild til ríkisábyrgðar á láni fyrir tilsvarendi rafveitu-framkvæmdir Ölfushrepps eða Hveragerðis.

Nd. 378. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 5 1945, skulu koma í gildi af nýju frá 1. janúar 1946 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með lögum nr. 98 1941 var ríkisstjórninni heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörum og að lækka sykurtoll um helming til sama tíma. Lög þessi hafa síðan verið framlengd til ársloka 1945. Ef lögin ættu nú að falla úr gildi, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á dýrtíðarvísitölu. Þykir því ekki verða hjá komizt að fá heimildina framlengda, svo sem lagt er til í frv.“

Ed. 379. Nefndarálit

um frv. til laga um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur legið lengi fyrir nefndinni og nefndarmenn haft allmis-munandi skoðanir á einstökum atriðum þess. Meiri hlutinn vill þó eftir atvikum mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en vera má, að einhverjir þeirra beri fram breytingartillögur eða verði með breytingartillögum í einstökum atriðum.

Alþingi, 19. des. 1945.

Magnús Jónsson,
form., frsm.

H. Guðmundsson,
með fyrirvara.

Kristinn E. Andrésson.

Þorst. Þorsteinsson.